

»Lhasa de Sela holdgervðist í senn í alheimsstjórnuna Edith Piaf og kvenkyns-útgáfuna af Tom Waits á stórkostlegum tónleikum.«
Guardian



LHASA DE SELA

Mexíkósk/kanadíska heimstónlistarkonan og söngvaskáldið, með hljómsveit.

Nasa 23. maí - Miðaverð: 3.500

Stórstjarna í íslenskum tónlistarheimi

Einleikstónleikar VÍKINGS HEIÐARS

Víkingur frumflytur eigin sönglagaumskrifanir á ljúflingslögum eftir Sigvalda Kaldalóns, Emil Thoroddsen og Pál Ísólffsson.

Háskólabíó 17. maí
Miðaverð: 2.900



STOFUTÓNLEIKAR og HÚSLESTRAR

Í heimahúsum um borg og bý.
Miðaverð 1.500 / 1000

VORIÐ ER TÍMINN

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á LISTAHÁTÍÐ

Einstakur tónlistarviðburður

HJALTALÍN undir stjórn DANÍELS BJARNASONAR
ásamt glæsilegri kammersveit.
Íslenska óperan 27. maí
Miðaverð: 2.500

»Áleitð verk hlaðið fegurð og frumleika.«
The Times

Í ÓÐAMANSGARÐI
Færeysk ópera eftir Sunleif Rasmussen. Söngvarar: Eyjólfur Eyjólfsson, Þóra Einarsdóttir og Bjarni Thor Kristinsson. Hljómsveitarstjóri: Bernharður Wilkinsson.
Þjóðleikhúsið 22.- 23. maí — Miðaverð: 3.400

»Voigt er bersýnilega á hátindi ferils síns.«
New York Times, 2008

DEBORAH VOIGT
Einsöngstónleikar
Háskólabíó 31. maí
Miðaverð: 6.900 / 6.400

Ný íslensk ópera
HEL

Tónlist: Sigurður Sævarsson.
Söngvarar: Ágúst Ólafsson, Jóhann Smári Sævarsson, Hulda Björk Garðarsdóttir og kór. Hljóðfæraleikur: Caput.

Íslenska óperan
23. og 24. maí
Miðaverð: 3.900

Saxófónleikarinn og Grammy verðlaunahafinn
BOB MINTZER & STÓRSVEIT REYKJAVÍKUR
Fríkirkjan 30. maí, og Akureyri 31. maí
Miðaverð: 2.900

VLADIMIR STOUPEL stjórnar
KAMMERSVEIT REYKJAVÍKUR
Langholtskirkja 21. maí
Miðaverð: 3.000

Godsögnin GENNADIJ ROSDESTVENSKIJ
STJÓRNAR SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS
Háskólabíó 29. maí
Miðaverð: 3.500 / 3.100

»Hann er snillingur.«
The Times

ORBIS TERRÆ – ORA
Margrét Vilhjálmsdóttir fer fyrir hópi 50 listamanna sem leggja undir sig Þjóðmenningarhúsið.
Frumstýnt 16. maí — Miðaverð: 3.450

BRENNIÐ ÞIÐ, VITAR!
LISTAHÁTÍÐ Í VITUM UMhverfis ÍSLAND

.....spilamennskan var himnesk.«
MBL

TRIO NORDICA
Hárómantísk verk og ný norræn tónlist.
Listasafn Íslands, 26. maí — Miðaverð: 2.500


VÖLUSPÁ
Hljóðheimur radda, hryns, takta, frumkrafta og seiðs. Höfundar og flytjendur: Sten Sandell og Sverrir Guðjónsson.
Landnámssetur Íslands, Borgarnesi 23. maí
Miðaverð: 2.800

Kynntu þér alla dagskrána á www.listahatid.is

Miðasala á www.listahatid.is
www.midi.is og í síma 552 8588

15.–31. MAÍ

2009




LISTAHÁTÍÐ
Í REYKJAVÍK

REYKJAVÍK ARTS FESTIVAL

**OPIÐ
Í DAG
FRÁ KL. 10**

Amerískir dagar

ekta nautasteikur á amerískum dögum



2.209 kr/kg.
Merkt verð 3.398.-

Ribeye
úr framhrygg



2.209 kr/kg.
Merkt verð 3.398.-

Nautaprime
úr framhrygg



2.209 kr/kg.
Merkt verð 3.398.-

Entrecote
úr spjaldhrygg



2.079 kr/kg.
Merkt verð 3.198.-

Roaststeik úr entrecote
úr spjaldhrygg



**NEW ORLEANS
SVÍNARIF**
947 kr/kg.
Merkt verð 1.579.-



**TEXAS MARINERÁÐAR
KJÚKLINGABRINGUR**
1.949 kr/kg.
Merkt verð 2.998.-



**KALKÚNA
BRINGUR FROSNAÐ**
1.990 kr/kg.
Merkt verð 3.039.-



**RESTAURANT STYLE
2 HAMBORGARAR**
503 kr/pk.
Merkt verð 629.-



Del Monte skornir ávextir
ferskir með flugi

Nýtt
á USA dögum



2 FYRIR 1
679 kr/pk.

BBQ og Buffalo vængir
- fulleldaðir



20%
afsláttur v/kassa

BBQ sósar
- Famous Dave's og Jack Daniel's



Rótarbjór
- beint frá Ameríku



Snyder's snakk
- 4 tegundir



30%
afsláttur v/kassa

Chicago Town American pizzur
- Super supreme og Royale



Nýtt
á USA dögum

Pringles Rice Infusion snakk
- 3 tegundir



Nýtt
á USA dögum

McCormick kryddmyllur
- 4 tegundir, stórar umbúðir



**ÓDÝRT Í
HAGKAUP**

599 kr/pk.
Verð áður 899.-

Coke 2 lítra, 4 í pakka
- 2 Ltr. Coke, Coke Light eða Coke Zero

Gildir til 3. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



Kaupir þú vatn í flöskum?
Já 17,5%
Nei 82,5%
SPURNING DAGSINS Í DAG
 Hefur þú áhyggjur af fyrirsjáanlegri fækkun lögreglumanna?
 Segðu skoðun þína á Visir.is

Það varðar við hegningarlög að blekkja kjósendur til að ógilda kjörseðla sína:

Sakar samflokksmenn um lögbot

STJÓRNMÁL Árni Johnsen, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segist hafa heimildir fyrir því að samflokksmenn hans í Suðurkjördæmi hafi verið í skipulagðri herferð gegn honum. Jafnframt hafi hann heyrt frá fjölda fólks að sömu menn hafi hvatt kjósendur annarra flokka en Sjálfstæðisflokks til að strika samt yfir nafn hans – og ógilda þannig kjörseðil sinn.



ÁRNI JOHNSEN

„Það voru tugir einstaklinga á Árborgarsvæðinu sem hringdu í mig og sögðu að það hefði verið hringt í þá í nafni sjálfstæðismanna og þeir beðnir að strika mig út, jafnvel þótt þeir ætluðu

að kjósa einhvern annan.“ segir Árni. Hann segist þó ekkert vita hver stóð á bak við það. „En það eru varla tugir einstaklinga að hringja í mig að gamni sínu. Þeim var mikið niðri fyrir því

varðað sektum og allt að tveggja ára fangelsi. Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaður á Selfossi, segist aðeins hafa heyrt af málinu í fjölmiðlum en vill ekki tjá sig um það að öðru leyti. Ólafur Hafsteinn Jónsson, formaður fulltrúaráðs Sjálfstæðisflokksins í Árborg, sagði í yfirlýsingu í gær að fullyróingar Árna um að sjálfstæðismenn í Áborg hefðu skipulega unnið gegn honum væru fásinna. Það væri umhugsunarefni hvort hann, sem formaður fulltrúaráðsins gæti lagt heidur sinn að veði til að vinna fyrir „slíka menn.“ -sh

VARÐAR VIÐ FANGELSIVIST

Í 103. grein almennra hegningarlaga segir að þeir skuli sæta fangelsi allt að tveimur árum, eða sektum ef sök er smáfélld, sem koma „því til leiðar með svíksamlegu atferli, að maður greiðir ekki atkvæði, þó að hann hafi ætlað sér það, eða að atkvæði hans ónýttist eða hefur önnur áhrif en kjósendinn ætlaðist til.“

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

LEIÐSÖGUNÁM Á HÁSKÓLASTIGI

Framúrskarandi kennarar
 Hægt að stunda í staðnámi og fjarnámi
 Lotubundin kennsla – hentar með vinnu
 Veitir inngöngu í fagdeild Félags leiðsögumanna

Umsóknarfrestrur til 11. maí
 Nánari upplýsingar í síma 525 4444 og á endurmenntun.is

Flensan mun koma

Svínainflúensan mun koma, segir sóttvarna- og yfirlæknir á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Líta eigi á hana eins og hverja aðra inflúensu en ekki eins og drep-sótt. Inflúensumóttaka var opnuð í fullbúinni mynd í Leifsstöð í gær.

HEILBRIGÐISMÁL „Svínainflúensan mun koma,“ segir Sigurður Árnason, yfirlæknir og sóttvarnalæknir á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Hann segir aðsókn ferðafólks að inflúensumóttökunni í Leifsstöð hafa verið mjög litla, en sem komið er. Móttakan sem var opnuð í gær í fullbúinni mynd, er samvinnuverkefni Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja, Landspítala og sóttvarnalæknis landlækniseimbættisins. „Hversu fáir leita til hennar þýðir að við erum alveg á réttum tíma,“ segir Sigurður. „Aðsóknin á eftir að aukast þegar á líður.“ Sigurður segir talsvert um að fólk hafi hringt til að afla sér upplýsinga um svínainflúensuna. Þá hafi verið tekin sýni úr tíu til fimmtán manns sem leitað hafi til HS og ástæða hafi þótt til að athuga nánar. Enginn grunur sé um að flensan sé þegar komin, þó hún muni koma.



INFLÚENSUMÓTTAKAN Fullbúin inflúensumóttaka var opnuð í Leifsstöð í gær. Hún er miðlæg og fólk hefur því góðan aðgang að henni. Þar eru hjúkrunarfræðingar á vakt allan sólarhringinn. Svarað er í síma allan sólarhringinn í 422 0600. MYND/VÍKURFRÉTTIR

„En það er um að gera að líta á þetta eins og hverja aðra flensu sem kemur og fer, en ekki eins og einhverja drep-sótt,“ undirstrikar hann. Hinu megi ekki gleyma að þessi fyrirhugaða pest dýnri á landsmönnum ofan í raunveruleg meißli sem séu kreppan er skolið hafi á þeim. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin jók viðbúnaðarstig sitt í fimm í fyrrakvöld. Þetta þýðir meðal annars að aðildarþjóðir WHO eru beðnar um að virkja viðbúnaðaráætlanir sínar vegna svínainflúensunnar. Þessi breyting af hálfu WHO hefur engin áhrif hér á landi, enda viðbúnaðaráætlun þegar virk, og hér er enn unnið á hættustigi.

Í allan gærðag funduðu sóttvarnalæknir og fulltrúar

STAÐFEST TILFELLI - SVÍNAINFLÚENSU

Land	Fjöldi
Spánn	10
Þýskaland	3
Bretland	5
Frakkland	2
Kanada	19
Kosta Ríka	2
Ísrael	2
Mexíkó	26
Perú	1
Nýja-Sjáland	14
Bandaríkin	91
Samtals	155

almanavarna Ríkislögreglustjóra með viðbragðsaðilum þar

sem farið var yfir verkefni sem tilteknum aðilum var falið að leysa á hættustigi. Þá hafa heilbrigðisstarfsmenn verið hvattir til þess að senda sýni frá sjúklingum með inflúensulík einkenni til greiningar og leiðbeiningum um notkun veirulyfja hefur verið dreift. Búið er að koma á sambandi við þá flugrekstraráðila sem koma að því að flytja fólk til landsins. Ætlunin er að afhenda þeim upplýsingablöð um inflúensuna sem dreift verður til flugfarþega. Enginn hafði greinst með smit hér á landi síðdegis í gær og sýkingar utan Mexíkó eru vægar enn sem komið er. jss@frettabladid.is

1. MAÍ-HÁTÍÐ Í IÐNÓ

OPIÐ HÚS KL. 15-17

Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi og varaformaður Samfylkingarinnar

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir þingkona og fyrrv. hafræðingur hjá ASÍ

Þorgerður Laufey Díðriksdóttir formaður Kennarafélags Reykjavíkur

Sigrúós Kristinsdóttir varaformaður Eflingar

- Ávörp, tónlist, kaffi og kleinur -
 - KK mætir með gítarinn og syngur nokkur lög -
 - Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar taka á móti gestum -
 Dagskrá hefst að loknum útfundi verkaleyðisfélaganna
ALLIR VELKOMNIR!
 Samfylkingarfélagið í Reykjavík & Hallveig - ungir jafnaðarmenn í Reykjavík

Samfylkingin

Margir af stærstu golfklúbbunum opna velli sína fyrir iðkendum í dag:

Vellirnir koma vel undan vetri

ÍPRÓTTIR Golfvellir hér á landi koma vel undan vetri og verða margir opnaðir fyrir en á undanföllum árum. Nokkuð er síðan iðkendum golfþróttarinnar var gert kleift að spila velli á Suðurlandi án nauðsynlegra takmarkana eftir veturinn. Margir verða opnaðir í dag og næstu daga. Ólafur Þór Ágústsson, vallaarstjóri hjá Keili í Hafnarfirði, segir Hvaleyrvöllinn verða opnaðan aðeins seinna en í fyrra en völlurinn líti engu að síður mjög vel út. „Þetta lítur afar vel út og útlit fyrir langt og gott golfsumar fram undan.“ Keilismenn hafa sett forgjafamörk fyrir aðalvöllinn í sumar. Verða kylfingar að hafa 34 í forgjöf til að fá að spila. Ólafur segir að vellirnir á Suðurnesjum, í Vestmannaeyjum, Þorlákshöfn, á Hellu og víðar hafi verið opnaðir fyrstir eins og undanfarin ár. Næstir í röðinni séu Hvaleyri, GKG og Korpa. Urriðadalsvöllur þeirra Oddfellowmanna og Grafarholtið verði opnaður um næstu helgi. Steindór Ragnarsson, vallaarstjóri hjá Golfklúbba Akureyrar, segir Jaðarsvöll líta vel út, hann sé ekki eins blautur og oft á þessum árstíma og áætlað sé að opna völlum um miðjan maí, eins og í fyrra. Steindór



KORPÚFSSTAÐAVÖLLUR Nokkrir kylfingar voru að æfa sveifluna á Korpu í gær en völlurinn verður opnaður í dag og Grafarholtsvöllurinn eftir viku. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

minnir á að vellir líti almennt betur út eftir veturinn nú en fyrir nokkrum árum, þar sem kunnátta þeirra sem sjá um vellina hafi aukist mikið á stuttum tíma. Uppskeran sé lengra golfsumar. - shá

Auglýsingasími
512 50 50



— FYRIR ALLA SEM ELDA —



UNDIRSTAÐAN Í MATARGERÐ ÞJÓÐARINNAR



TÍMARITIÐ GOTT Í MATINN

Ekki láta tímaritið *Gott í matinn*, sem dreift er á öll heimili, fram hjá þér fara. Tímaritið er sneisafullt af girnilegum og gómsætum réttum sem allir geta eldað.



NÝR VEFUR

Finndu uppskriftir að gómsætum réttum með *Gott í matinn* vörum á www.ms.is/gottimatinn.

HVERNIG
ELDAR ÞÚ?
www.ms.is/gottimatinn
TAKTU PERSÓNU-
LEIKAPRÓFIÐ



www.ms.is/gottimatinn

TAX FREE!

Aðeins í dag 1. maí!

TAX FREE!

Opið í dag: Skútuvogi 10:00-19:00
Akureyri 10:00-17:00

2.490
~~2990~~



Grilltangasett
7 stk
3901470

279
~~349~~

Grillbursti
2999164



Afnemum virðisaukaskatt af öllum WEBER GASGRILLUM aðeins í dag.



Afnemum virðisaukaskatt af öllum TRAMPOLINUM og fylgihlutum aðeins í dag.

**TAX FREE!
TAX FREE!**

23.320
~~27.990~~

Stærð: 396 sm í þvermál



**TAX FREE!
TAX FREE!**

Afnemum virðisaukaskatt af öllum GARÐSTÓLUM OG GARÐBORÐUM aðeins í dag.



Ís á **10 kr**
í Skútuvogi



Fráber saman



NAUTABANI Í HAM Spænski nautabaniinn Morante de la Puebla vikur sér undan dýrinu, sem hann ætlar svo að murka lífið úr.

NORDICPHOTOS/AFP

Fyrirverandi ritstjóri Mannlífs:

Sekt fyrir að fjalla um áfengi

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur staðfest dóm yfir Reyni Traustasyni, ritstjóra DV og fyrirverandi ritstjóra Mannlífs, fyrir að birta áfengis-auglýsingu í Mannlífi.



REYNIR TRAUSTASON

Reynir krafðist sýknu í málinu. Hann sagði að ekki hefði verið um auglýsingu að ræða, heldur aðeins umfjöllun um áfengistegundir.

Dómurinn kemst að þeirri niðurstöðu að umfjöllunin hafi verið kynning til markaðssetningar. Reynir er dæmdur til að greiða hálf milljón í sekt, og auk þess 300 þúsund krónur í áfrýjunarkostnað.

- sh

Segir stefna í hallalausan rekstur RÚV

Útvarpsstjóri spáir viðsnúningi í rekstri RÚV eftir 365 milljóna króna tap á sex mánaða tímabili. 253 milljóna hagnaður varð af rekstri fyrir afskriftir. Launabil innan RÚV verður rætt við endurskoðun þjónustusamnings segir ráðherra.

VIÐSKIPTI Tap Ríkisútvarpsins ohf. (RÚV) á sex mánaða tímabili frá september 2008 út febrúar 2009 var 365,1 milljónir króna, samkvæmt árs hlutareikningi. Þetta jafngildir tveggja milljóna króna tapi dag hvern á tímabilinu.

Hagnaður seinni sex mánaða rekstrarársins mun að óbreyttu veða upp tapið og reksturinn verða í jafnvægi á árinu, segir Páll Magnússon útvarpsstjóri. Reksturinn sé því á áætlun.

Alls varð 253 milljóna króna hagnaður af rekstri RÚV fyrir afskriftir á sex mánaða tímabilinu, og frá áramótum hefur RÚV verið rekið með hagnaði, segir Páll. Þá fyrst hafi viðamiklar aðhaldsaðgerðir sem farið hafi verið í síðasta haust skilað sér inn í rekstur félagsins.

Hann segir verðbólguþot á síðasta ári hafa bitnað harkalega á RÚV eins og öðrum fyrirtækjum, en skuldir félagsins á þeim tíma voru um fjórir milljarðar króna.

Ákveðið var að breyta 562 milljóna króna skuld RÚV við ríkissjóð í hlutafé nýverið. Í kjölfarið verður þjónustusamningur félagsins endurskoðaður og er sú endurskoðun nú að hefjast, segir Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra.

Hún segir að stjórnarformaður RÚV og útvarpsstjóri muni fara í þá vinnu með fulltrúum menntamálaráðuneytisins. Erfitt sé að segja til um hvenær niðurstöður



PÁLL MAGNÚSSON



KATRÍN JAKOBSDÓTTIR



KOSTNAÐUR Útvarpsstjóri var með um 1.550 þúsund krónur í mánaðarlaun að meðaltali á sex mánaða tímabili. Níu aðrir æðstu stjórnendur félagsins voru með tæpar 800 þúsund krónur í mánaðarlaun á tímabilinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

úr þeirri vinnu líti dagsins ljós, en það verði vonandi sem fyrst.

Katrín segir mikilvægt að fara heildstætt yfir málefni RÚV, og reynsluna af því að breyta félaginu í opinbert hlutafélag. Spurð hvort hún vilji breyta félaginu aftur í ríkisstofnun segir hún það ekki endilega réttu leiðina.

Launakostnaður vegna tíu æðstu stjórnenda var um 52,2 milljónir frá september út febrúar síðastliðinn. Laun og hlunnindi útvarpsstjóra voru um 1.550 þúsund krónur á mánuði að meðaltali. Meðallaun nú annarra æðstu

stjórnenda RÚV voru tæplega 800 þúsund krónur á mánuði.

Páll segir laun starfsmanna með yfir 300 þúsund krónur hafa lækkað á síðasta ári, og laun æðstu stjórnenda mest. Ekki hafi verið rætt að lækka laun stjórnenda frekar nema aðstæður breytist.

Katrín segir það sína skoðun að eðlilegt væri að launabil hjá ríkisfyrirtæki væri minna, útvarpsstjóri sé nú með hærri laun en forsætisráðherra. Það sé meðal þess sem verði rætt við endurskoðun þjónustusamningsins.

brjann@frettabladid.is



EILÍF PÍNA Á borðanum er vers úr Kóráninum sem segir að hver sá sem hallmæli drottni og Múhamed spámanni sé dæmdur til eilífrar og niðurlægjandi pínu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ekki velkominn til Nasaret:

Múslimar bíða Benedikts páfa

NASARET, AP Múslimar í Nasaret búa sig nú margir hverjir undir komu Benedikts páfa XVI. til borgarinnar um miðjan maí, minnugir þriggja ára gamalla ummæla páfans um ofbeldisfullan boðskap Kóransins. Borðar hafa verið strengdir upp við hlið Boðunarkirkjunnar, sem páfi hyggst heimsækja, með fordæmingum í garð þeirra sem móðga islamstrú.

Þótt sumir múslimar hugsu páfa þegjandi þörfina ætla aðrir að bjóða hann velkominn og funda með honum. Einhverjir þeirra, til dæmis klerkurinn Taysir Tamimi, hyggjast þó krefja hann um afsökunarbeiðni.

- sh

VESTMANNAEYJAR

Engin verðbólga á Þjóðhátíð

Miðaverð á Þjóðhátíðina í Eyjum um næstu verslunarmannahelgi verður óbreytt frá fyrra ári, eða 10.900 krónur í forsoðu og 12.900 krónur við innganginn. Eyjar.net vitnar til Þjóðhátíðarnefndar, sem segir þó ekkert verða slegið af í skemmtanahaldi. „Enda Eyjamenn ekki þekktir fyrir annað en gera þetta almennilega eða bara sleppa því.“

Condé Nast
Traveller



2009

READERS' SPA AWARDS

WINNER

MEDICAL/THERMAL SPA/NATURAL SPA


BLUE LAGOON

ICELAND

Bláa lónið er opið alla daga frá kl. 10.00–20.00 • Sími 420 8800 • www.bluelagoon.is

Neytendur: SMA-sojapurrmjólk

Munur upp á 331 prósent

**DR. GUNNI**
neytendur@
frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Það er aldrei of oft brýnt fyrir neytendum að vera vel með á nótunum og bera saman verð, enda getur verið gríðarlegur munur milli verslanna. Dæmi um eina vörutegund sem býðst á ótrúlega stórum verðskala er SMA Wysoy-þurrmjólk. Nína þarf á þessari vöru að halda fyrir sitt barn. Hún veitti hinum mikla verðmun athygli og sendi mér línu. „Þurrmjólkurdrósir kostar hvorki meira né minna en 2.240 kr. í Lyfjum og heilsu, 1.625 kr. í Nóatúni og 1.299 kr. í Hagkaupum. Á meðan hef ég verið að kaupa þessa mjólk í Bónus á 676 kr. Mér finnst þetta svo ofboðslegur munur að ég get ekki setið á mér að deila þessu með einhverjum.“ Munurinn á einni SMA-þurrmjólkurdrós í Bónus og Lyfjum og heilsu er 331 prósent. Er nema von að Nína verði að koma þessu frá sér?



Atvinnuflugmenn mótmæla:

Vilja að flugslysanefnd haldi sjálfstæði sínu

ÖRYGGISMÁL Félag íslenskra atvinnuflugmanna leggst gegn frumvarpi á Alþingi um að sameina rannsóknarnefndir flugslysa, sjóslysa og umferðarslysa.

Flugmenn segja að í núverandi lögum sé skýrt að slysarannsókn eigi eingöngu að miða að því að auka öryggi í flugi en það sama eigi ekki við um frumvarpið. „Ef ekki ríkir sátt um lagaumhverfið er varðar rannsóknir flugslysa getur það leitt til þess að það dragi úr samstarfsvilja flugmanna við það að tjá sig við rannsóknarnefndina, en það mun hafa stórskadleg áhrif á framgang flugslysarannsóknna og þar með almenns flugöryggis,“ segir í svari flugmanna til samgönguráðuneytisins.

- gar

**FLUGMENN** Vilja tjá sig um óhöpp án þess að það sé notað gegn þeim.

FRAMKVÆMDA- OG EIGNASVIÐ



Tökum vel á móti sumrinu

Reykjavíkurborg hvetur borgarbúa til að taka höndum saman við að hreinsa til í borginni eftir veturinn og taka á móti vorinu með bros á vör. Reykjavíkurborg mun í ár ekki fjarlægja garðúrgang og greinaafklippur sem skilin eru eftir við lóðamörk. Kallað er eftir auknu frumkvæði og ábyrgð borgarbúa og vakinn athygli á því að endurvinnslustöðvar Sorpu taka við 2 rúmetrum í hverri ferð af garðúrgangi og greinaafklippum frá íbúum að kostnaðarlausu.

Hvetjum til dáða með eigin frumkvæði.

Með því að hreinsa rusl, snyrta tré og runna í garðinum okkar hvetjum við aðra til að taka til hendinni. Stígum skrefinu lengra og tínum rusl utan girðingar, við næsta göngustíg eða á nálægu útivistarsvæði. Hreinsunardagur í götunni eða í hverfinu býður upp á skemmtilega samveru. Notum hugmyndaflugið og gerum tiltektina að skemmtilegu verkefni.

Nánari upplýsingar á reykjavik.is/fer og í síma 411 1111.Framkvæmda- og eignasvið Reykjavíkurborgar | Borgartúni 12-14 | www.reykjavik.is/fer

Efldu lífsorkuna

í einstakri íslenskri heilsulind

2 fyrir 1
í Bláa LóniðGildir gegn framvísun
miðans til 31. maí 2009**BLUE LAGOON**
ICELAND

Frítt fyrir börn, 11 ára og yngri, í fylgd með forráðamönnum

Lykill 1561



1. maí

Munið árlegt 1. maí kaffi Rafiðnaðarsambandsins og MATVÍS að Stórhöfða 31, Grafarvogsmegin, að lokinni kröfugöngngu og útifundi.




Blóm gera kraftaverk



íslensk blóm

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

Fjöldi viðskipta: 18

OMX ÍSLAND 15
 221 +0,51%

Velta: 71 milljónir

OMX ÍSLAND 6
 648 +0,67%

MESTA HÆKKUN


CENTURY AL. +9,13%
MAREL +5,82%

MESTA LÆKKUN


BAKKAVÖR ÖSSUR -0,87%
 -0,64%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Alfesca 3,30 +0,00% ... Atlantic Airways 173,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 251,00 +0,00% ... Bakkavör 1,14 -0,87% ... Eik Banki 90,00 +0,00% ... Eimskipafélagið 1,00 +0,00% ... Føroya Banki 118,00 +0,00% ... Icelandair Group 5,00 +0,00% ... Marel Food Systems 50,00 +5,82% ... Össur 93,20 -0,64%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Hratt kólnar í hagkerfi vestra

Landsframleiðsla dróst saman um 6,1 prósent á fyrsta fjórðungi ársins í Bandaríkjunum, samkvæmt upplýsingum bandaríska viðskiptaráðuneytisins, frá í fyrradag.

Þetta kemur til viðbótar við 6,3 prósentu samdrátt vestra í þrjú ársfjórðunga á undan.

Niðurstaðan er verri en reiknað var með en hagfræðingar virðast sammála um að bandarískt efnahagslíf sé að ganga í gegnum verstu þrengingar sem sést hafi þar í landi í ríma hálfu öld.

Talsverð óvissa einkennir ástandið en meðalspár Bloomberg hljóðuðu upp á allt frá 2,8 til 8 prósentu samdráttar á fjórðungnum.

Christina Romer, efnahagsráðgjafi Bandaríkjaforseta, segir í samtali við Bloomberg flesta sjá til botns á seinni hluta árs og megi þá vænta að hagkerfið taki við sér á ný.

- jab

Fyrsti bandaríski bílarisinn í greiðslustöðvun

Bandaríski bílaframleiðandinn Chrysler óskaði í gær eftir greiðslustöðvun. Gangi sameining við Fiat eftir rís fimmti umsvifamesti bílaframleiðandi heims úr rústunum.

Stjórnendur Chrysler óskuðu í gær eftir heimild til greiðslustöðvunar í samræmi við þarlend lög eftir að viðræður við lánardrottna um endurskipulagningu runnu út í sandinn.

Bílaframleiðendur vestra hafa lengi glímt við erfiðleika. Chrysler sótti ásamt öðrum hornsteinum bílageirans um neyðarlán stjórnvalda um áramót. Þegar samkomulag náðist ekki við lánardrottna áður en lokafrestur stjórnvalda fyrir veitingu lánsins rann út á miðnætti í gær var greiðslustöðvunin eina leiðin.

Chrysler er fyrsti bílaframleiðandinn vestra sem fer þessa leið og ekki útilokað að aðrir fylgi á eftir.

Bloomberg-fréttastofan sagði í gær hvorki standa til hjá Chrysler að hætta framleiðslu né segja upp



ALLT Á FULLU Í EINNI VERKSMÍÐJU CHRYSLER Stjórn bandaríska bílaframleiðandans Chrysler hyggst nota tímann vel og vinna með ítölum að framleiðslu bíla innan nokkurra mánaða.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

starfsfólki. Bandarísk stjórnvöld stofni nýtt félag sem kaupi bestu eignir þrotabúsins og leggi þau, ásamt ríkisstjórn Kanada, því til 10,5 milljarða dala í skiptum fyrir tíu prósentu hlut í því.

Á meðan greiðslustöðvun Chrysler varir er stefnt að því að ítalski bílaframleiðandinn Fiat

kaupi fimmtung í félaginu. Fiat, sem er hið ítalska móðurfélag Ferrari og Alfa Romeo auk þess að framleiða sparneytinn smábíl undir eigin merkjum, hefur um árabíl leitað fyrir sér á bandarískum markaði. Það hefur engum árangri skilað fyrr en nú.

jonab@markadurinn.is

Afurðaverð lækkar

Verð á íslenskum sjávarafurðum lækkaði um 1,5 prósent í mars mælt í erlendri mynt og var þetta níundi mánuðurinn í röð sem verðið lækkar. Það er nú jafn hátt og í mars 2006, samkvæmt nýrri greiningu IFS.

Í greiningunni segir að verðlækkunin sé í takt við verðþróun á heimsvísu upp á síðkastið. Þótt verðið hafi lækkað mikið í erlendri mynt undanfarna mánuði sé það ekki lágt í sögulegu samhengi. Bent er á að vegna veikingar krónunnar er afurðaverð enn hátt í íslenskum krónum talið og því sé framlegð í sjávarútvegi góð.

IFS bætir við að erlendir kaupendur íslenskra sjávarafurða hafi lagt áherslu á að takmarka birgðir og því séu enn miklar birgðir af sjávarafurðum hér.

- jab



TROLL DREGIÐ INN Fall krónunnar hefur valdið því að verð á sjávarafurðum er hátt í krónum talið. Í erlendri mynt hefur verðið ekki verið lægra í þrjú ár.

Hratt dregur úr verðbólgunni

Verðbólga á evrusvæðinu mældist 0,6 prósent í síðasta mánuði, samkvæmt útreikningum Eurostat, hagstofu Evrópusambandsins.

Verðbólga steig í hæstu hæðir samhliða snörpum verðhækkunum á hráolíu og matvælavæðinu í fyrravor og náði fjórum prósentum um mitt fyrrasumar. Eftir því sem krumlur fjármálakreppunnar hertu táknið á neytendamörkuðum hjáðnaði verðbólga.

Verðbólgutölur sem þessar hafa aldrei fyrr sést á evrusvæðinu en byrjað var að taka tölurnar saman í mars árið 1996.

Wall Street Journal hefur eftir hagfræðingi hjá UniCredit, að líkur séu á að verðbólga verði nær núlli þegar næstu tölur verða birtar í mánuðinum.

- jab

VM FÉLAGAR, MÆTUM Í 1. MAÍ KAFFIÐ AÐ STÓRHÖFÐA 25!



VM - Félag vélstjóra og málmteknimanna hvetur félagsmenn

sína til að taka þátt í kröfugöngunni og útifundi á Austurvelli.

Gangan leggur af stað frá Hlemmi kl. 13.30. Kaffiveitingar og opnun

sýningar á verkum Óskars Valgarðssonar Áldal að loknum útifundi.

Sýningin að Stórhöfða 25 verður einnig opin nk. laugardag

og sunnudag frá 11 til 16.



Félag vélstjóra og málmteknimanna



Sýnum samstöðu

Um leið og við óskum landsmönnum til hamingju með daginn, hvetjum við VR félagi til að sýna samstöðu og mæta í 1. maí-kaffi á Broadway kl. 15.00. Boðið verður upp á kaffi og veitingar.

Einnig minnum við á kröfugönguna. Safnast verður saman á Hlemmi kl. 13.00 og gengið niður Laugaveg sem leið liggur á Austurvöll þar sem útifundur hefst kl. 14.10. Flutt verða ávörp og skemmtiatriði í tilefni dagsins.

Hlökkum til að sjá ykkur!

Nokkrir kostir ESB-aðildar

UMRÆÐAN

Ragnheiður Jónsdóttir skrifar um Evrópumál



RAGNHEIÐUR JÓNSDÓTTIR

Styrk staða heimila og fyrirtækja í landinu er undir því komin að nú, eftir kosningar, verði leitað eftir aðildarviðræðum um inngöngu í ESB. Aðeins með samningsumleitunum við ESB sést, hvaða skilmálum innganga Íslands í ESB er bundin. Í þeim samningsumleitunum kemur ein af grundvallarreglum ESB, nálægðarreglan (principle of subsidiarity) væntanlega til með að nýttast Íslandi, því reglan stuðlar að því að smárfíki haldi séreinkennum sínum og sérstöðu. Þjóðin verður síðan að fá að kjósa um samningsdrögin í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Helsti kostur ESB-aðildar er að við fáum nýjan, sterkan gjaldmiðil, evruna, sem mun stórauka stöðugleika og stuðla að efnahagslegu jafnvægi. Verðtrygging verður óþörf, vextir munu lækka vegna bættra lánakjara erlendis og eins verður unnt að afnema gjaldeyrishöft. Hjól atvinnulífsins fara að snúast aftur og ný störf skapast. Fyrirséð er að heilbriggt rekstrarumhverfi laði að erlenda fjárfesta. Samkeppnisreglur ESB og styrkjakerfi munu auka hag smárra og meðalstórra fyrirtækja. Verð á matvælum og öðrum neysluvörum mun lækka, en útgjöld íslenskra heimila vegna þeirra eru með þeim hæstu í Evrópu í dag.

Mikill kostur inngöngu okkar í ESB er tollfrjáls aðgangur að mörkuðum sambandsins og mun hann sérstaklega nýttast íslenskum sjávarútvegi og landbúnaði. Ísland mun með inngöngu í ESB

fá tollfrjálsan aðgang að stærsta markaði heims fyrir sjávarafurðir. Eins munu ný tækifæri skapast fyrir útflutning landbúnaðarvara og aðgangur fást að styrkjakerfi ESB fyrir landbúnað á norðurslóð.

Með aðild að ESB verðum við hluti í sterku bandalagi þjóða, sem eru líkastar okkur að menningu.

Allt tal um einhliða upptöku evru er óábyrgt og hefur að meginstefnu verið hafnað af forsvarsmönnum Seðlabanka Evrópu (ECB = European Central Bank).

Rök sem þau að Andorra, Mónakó, San Marínó og Svartfjallaland hafi hlotið evru án þess að vera aðilar að ESB skýrast með því að þau lönd höfðu gjaldmiðla sem lagðir voru niður með upptöku evru. Menn geta séð hversu fjarstæðukennt allt tal um einhliða upptöku evru er með því að spyrja sig einfaldra spurninga: Hver myndi sjá okkur fyrir evrum? Seðlabanki Evrópu, sem hefir lýst yfir að „ríki, sem vilja taka upp mynt ESB verða að koma inn um aðaldráttar en ekki bakdráttar“? Ljóst er að Seðlabanki Íslands gæti ekki prentað evrur. Einhliða upptaka evru yrði kostnaðarsöm og er óráðleg ríkjum sem ekki búa við efnahagslegan stöðugleika, auk þess sem upptaka evru í óþökk ESB gæti leitt til efnahagslegrar einangrunar ef ekki ísaldar.

Því hljótum við að vilja ábyrga, gagnsæja og lýðræðislega afgreiðslu Evrópumála, sem lætur reyna á samningaleiðina við ESB með eftirfarandi þjóðaratkvæðagreiðslu.

Höfundur er lögfræðingur og skipaði sæti á lista Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi.

Viltu spennandi og líflegt framtíðarstarf í ferðaþjónustu?



ALP er stærsta bílaleiga landsins og býður upp á bíla erlendis á yfir 6300 leigustöðum Avis og Budget.

Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn til að vinna með framsæknu fyrirtæki og ná hámarksárangri.

Starfsmaður í þjónustuveri

Starf í þjónustuveri sem felur í sér kynningu og sölu á þjónustu fyrirtækisins ásamt öflun og viðhaldi viðskiptasambanda. Við leitum að jákvæðum, skipulögðum og þjónustulundduðum einstaklingi sem hefur áhuga á að vinna í ört vaxandi fyrirtæki.

HÆFNISKRÖFUR

- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Þjónustulund og nákvæmni í vinnubrögðum
- Góð íslensku- og enskukunnátta er skilyrði
- Góð tölvukunnátta

Umsóknir skulu sendar á atvinna@alp.is merktar „Þjónustuver“ fyrir 8. maí 2009.



Knarrarvogur 2 • 104 Reykjavík • Sími 591 4000 • avis.is

1. MAÍ REYKJAVÍK

Dagskrá

- Safnast saman á Hlemmi kl. 13.00
- Sigtryggur Baldursson og Parabólurnar
- Gangan leggur af stað kl. 13.30
- Gengið niður Laugaveg, Bankastræti, Austurstræti og inn á Austurvöll
- Lúðrasveit verkalyðsins og Lúðrasveitin Svanur leika fyrir göngu
- Ræðumenn flytja örræður meðan ganga stendur yfir
- Útifundur á Austurvelli hefst kl. 14.10
- Kakó í boði og leiktæki fyrir börn
- Útifundi lýkur kl. 15.00

- Tónlist**
 Lúðrasveit verkalyðsins og 200.000 Naglbitar taka lagið
- Ávarp fundarstjóra**
 Súsanna Vilhjálmsdóttir, formaður Félags hársnyrtisveina
- Ræða**
 Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASI
- Tónlist**
 200.000 Naglbitar og Lúðrasveit verkalyðsins
- Ræða**
 Þórveig Þormóðsdóttir, formaður Félags starfsmanna stjórnarráðsins
- Tónlist**
 Sigtryggur Baldursson og Parabólurnar
- Ávarp**
 Stefán Rafn Sigurbjörnsson, formaður Sambands íslenskra framhaldsskólanna
- Tónlist**
 200.000 Naglbitar og Lúðrasveit verkalyðsins
- Fundarstjóri slitur fundi, "Internationalen" sunginn**
 Lúðrasveit verkalyðsins og Lúðrasveitin Svanur leika undir

Fulltrúaráð verkalyðsfélaganna í Reykjavík
BSRB
Bandalag háskólanna
Kennarasamband Íslands
Samband íslenskra framhaldsskólanna

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



1. maí

Óskum verkafólki til hamingju með daginn.

Allar verslanir Bónus eru lokaðar í dag á frídegi verkafólks.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

PETTA GERÐIST: 1. MAÍ ÁRIÐ 1982

Bretar í stríð við Argentínumenn

Hin eiginlega hernaðar- aðgerð Breta í Falklandseyjastríðinu hófst þennan dag árið 1982, en í stríðinu tókust Bretar og Argentínumenn á um yfirráð yfir Falklandseyjum, Suður-Georgíu og Suður-Sandvíkureyjum í Suður-Atlantshafi.

Deilur um yfirráð yfir eyjunum höfðu staðið lengi þegar herforingjastjórnin í Argentínu hugðist leggja eyjarnar, sem þá voru undir Breskri stjórn, undir sig. Herforingjastjórnin taldi sig eiga stuðning annarra ríkja í deilunni vísan, þar á meðal Bandaríkjunna.

Argentínumenn litu svo á að þeir væru að endurheimta eigið land, en þeir kalla Falklandseyjar Las Malvinas. Bretar litu hins vegar á aðgerðirnar sem innrás á sitt yfirráðsvæði.

Stríðið hófst með innrás Argentínumanna í Suður-Georgíu þann 19. mars árið 1982. Bretar hófu hernaðar- aðgerðir 1. maí þegar tvær Vulcan-sprengjuflugvélar flugu frá Ascension til Falklandseyja til þess að varpa sprengjum á Stanleyflugvöll. Stríðinu lauk 14. júní árið 1982 með uppgjöf Argentínumanna.



JÓSEF GÖBBELS LÉST PENNAN DAG ÁRIÐ 1945.

„Hugsjó ykkur fjölmiðla sem stórkostlegt hljómborð sem stjórnmöld geta spilað á.“

Göbbels var einn helsti samstarfsmaður Hitlers og áróðursmeistari nasista.



tímamót

timamot@frettabladid.is

90 ára afmæli

Líney Guðmundsdóttir

áður búsett á Bergþórugötu 25,

mun halda upp á niraðisafmælið sitt að núverandi heimili sínu, Suðurholt 5 Hafnarfirði, laugardaginn 2. maí.

Opíð hús frá kl. 14 og fram eftir degi.
Allir velkomnir. Blóm og gjafr
vinsamlegast afþökkud.



Innilegar þakkir fyrir samúð og vinarþug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Maríu Guðmundsdóttur

Dvalarheimilinu Seljahlíð, áður til heimilis að Grýtubakka 10.

Sérstakar þakkar sendum við starfsfólki Seljahlíðar fyrir að annast hana af alúð og hlýju síðustu æviárin. Guð blessi ykkur. Sendum öllum þeim sem styrktu minningarsjóð Stefaniú Guðrúnar Pétursdóttur sérstakar þakkarkveðjur.

Ásgeir Sigurðsson
Hilmar Sigurðsson
Valgeir Sigurðsson
Steinnunn Sigurðardóttir
Auður Sigurðardóttir
Kristín Sigurðardóttir
Sigríður Sigurðardóttir
Sigrún Edda Sigurðardóttir
Rúnar H. Sigurðsson

Guðrún Gunnarsdóttir
Sigríður Sæmundsdóttir
Árni Sigurðsson
Þorgrímur Guðmundsson
Jón Steingrímsson
Sverrir Sandholt
Pétur Emilsson
Rósa S. Guðmundsdóttir



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Ragnar Hermannsson

frá Flatey á Skjálfanda til heimilis að Hvammi, Húsavík,

lést að morgni 29. apríl á Heilbrigðisstofnun Pingeyinga, Húsavík. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Sigrún Ragnarsdóttir
Helga Ragnarsdóttir
Hermann Ragnarsson
Erla Ragnarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Gestur Gunnarsson
Kristinn Hrólfsson
Dómhildur Antonisdóttir
Ómar Ingimundarson



Þökkum öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýþug við andlát og útför,

Sigurðar Ríkharðs

Stefánssonar
frá Siglufirði.

Stuðningur ykkar er okkur ómetanlegur.

Ólöf Áslaug Kristjánsdóttir
Hákon Heimir Sigurðsson
Birgir Agnar Sigurðsson
Alda Pétursdóttir
Rakel, Brynjar og Kristófer.



MARGT BER FYRIR AUGU Vélarnar í safninu eru að mestu í eigu flugáhugamanna sem hafa gert þær upp. Í kringum Jónsmessuna á hverju ári er haldin flughátíð og þá má sjá vélarnar svifa um loftin blá. Í tilefni afmælisins verður boðið upp á köku í safninu í dag. MYND/ÚR EINKASAFNI

FLUGSAFN ÍSLANDS: FAGNAR TÍU ÁRA AFMÆLI MEÐ OPNU HÚSI OG KÖKUBOÐI

Hefja sig til flugs einu sinni á ári

Flugsafn Íslands á Akureyri fagnar tíu ára afmæli í dag. Það var stofnað hinn 1. maí árið 1999 og hét þá Flugsafnið á Akureyri. Hlutverk Flugsafnsins, sem er sjálfseignarstofnun og var formlega opnað 24. júní árið 2000, er að safna, varðveita, og sýna muni sem tengjast flugi á Íslandi, sögu þess og þróun. Einnig er það markmið safnsins að safna myndum sem tengjast flugsögunni og skrá þær. Aðalhvatamaður að stofnun safnsins var Svanbjörn Sigurðsson og hefur hann verið safnstjóri frá upphafi.

Svanbjörn er að vonum manna fróðastur um upphafsár safnsins. „Fyrstu árin var safnið til húsa í 450 fermetra flugskýli sem var leigt af Íslandsbanka. Það húsnæði var síðar keypt en ekki liðu mörg ár áður en flugskýlið var orðið of lítið. Haustið 2006 var hafist handa við að byggja núverandi húsnæði og er það fimfalt stærra en gamla flugskýli.“



Hér stendur Svanbjörn við Texas Taildragger flugvélin TF-API, sem hann endursmíðaði ásamt félagu sínum. MYND/ÚR EINKASAFNI

Í flugsafninu er að finna heimasmiðaðar flugvélar, flugvélahreyfla, fis, sviðflugur, gamlar farþegaflugvélar, flugmódel, listflugvélar, ljósmyndir og ýmislegt fleira. „Elsta flugvélin í safninu er Klemm L.25e TF-SUX. Hún var smíðuð árið 1934 en kom til landsins með þýskum

sviðflugleiðangri árið 1938. Þá má nefna stjórnklefa fyrstu þotu íslensks flugfélags, Boeing 727 „Gullfaxa“, Aerospatiale Dauphin-björgunaryrflu Landhelgisgæslunnar TF-SIF, og Austur V-sjúkraflugvél.

Vélarnar í safninu eru að mestu leyti í eigu flugáhugamanna sem hafa gert þær upp. Þær eru flestar flughæfar og að minnsta kosti einu sinni á ári hefja þær sig til flugs. „Við höldum árlega flughátíð í kringum Jónsmessuna og þá fljúgum við öllu sem hægt er að fljúga,“ segir Svanbjörn en hátíðin verður haldin í tíunda skipti dagana 20. og 21. júní næstkomandi.

Svanbjörn segir vaxandi aðsókn í safnið og merkir hann það að gestum byki mikið til þess koma að sjá vélarnar í návígi. Hann segir safnið eiga vel heima á Akureyri, enda er bærinn oft nefndur vagma flugsins á Íslandi. “

vera@frettabladid.is



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýþug vegna andláts og útfarar elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Margrétar Oddsdóttur

Ásvegi 31, Akureyri.

Sérstakar þakkar til lyfjagæddar Sjúkrahúss Akureyrar fyrir kærleiksrika umönnun.

Jón E. Aspar
Sigríður Oddný Jónsdóttir
Halldór Jónsson
Margrét Skúladóttir
Magnús Ágúst Skúlason
Emelía Valey Magnúsdóttir
Skúli Magnússon
Bragi Thoroddsen



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Helga Hjartardóttir,

Seljahlíð, Hjallaseli 55, Reykjavík,

andaðist á Landspítalanum við Hringbraut mánudaginn 27. apríl. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Fyrir hönd fjölskyldu hinnar látnu,

Guðborg Jónsdóttir
Örn Jónsson
Ólafur Jónsson
Bjarni Jónsson
Þórarinn Lárusson
Elín Jóhanna Elíasdóttir
Guðbjörg Árnadóttir
Lilja Steinunn Svavarsdóttir

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.



ÆVINTÝRIÐ 1939 kallast sýning sem opnuð verður í dag á Skriðuklaustri í tilefni af því að sjötíu ár eru liðin frá byggingu hins einstæða húss Gunnars Gunnarssonar skálds. Þar verður í máli og myndum sagt frá byggingunni en hátt í hundrað manns unnu sex daga vikunnar frá vori og fram að jólum við að reisa stórhýsið. Sýningin stendur fram á haust.

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447

ÞALLT



Ódýrt og gott!

Næg ókeypis bílastæði

við *Perluna*

Súpubar 620 kr.
Salatbar 990 kr.

Súpa og salatbar á aðeins 1.430 kr.

~ NÝBAKAD BRAUÐ FYLGIR MED SÚPU- OG SALATBAR. ~

Í kaffiteríunni Perlunnar er hægt að fá alls kyns góðgæti á frábæru verði: Crêpes, samlokur, pizzur og smurt brauð. Eins er hægt að fá heimatilbúinn ítalskan ís, alls kyns ísrétti, kökur og tertur.

Nýr A la Carte og 4ra rétta seðill
Nánari upplýsingar á www.perlan.is

Veitingahúsið Perlan - Sími 562 0200 - Heimasíða www.perlan.is



Guðrún Edda segir réttinn tilvalinn á veisluborðið.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Réttur úr fyrstu bókinni

Guðrún Edda Bentsdóttir, verkefnastjóri á grunnskólaskrifstofu hjá Menntasviði Reykjavíkur, er matgæðingur mikill og á ekki í vandræðum með að gefa uppskrift að rétti sem klikkar ekki.

„Réttinn hef ég borið fram fyrir marga gesti við ýmis tækifæri og hann veldur aldrei vonbrigðum,“ segir Guðrún Edda Bentsdóttir verkefnastjóri. „Rétturinn er úr einni af fyrstu matreiðslubókunum sem ég eignaðist sem ber yfirskriftina Great Chinese Cooking – From Fire Pot to Food Processor.“ Uppskriftirnar þar eru einfaldaðar og lagaðar að vestrænum matreiðsluáferðum. „Rétturinn mun upprunalega vera frá norður-Kína,“ segir hún.

Guðrún Edda rakst á bókina á námsárunum í New York og hefur hún verið mikið notuð.

Guðrún segir réttinn ódýran enda hafi svínakjöt verið á góðu verði að undanfögnu. Hún bendir á að tilvalið sé að undirbúa sig deginum áður þar sem rétturinn sé kannski ekki ýkja fljótlegur. Bót er þó í máli að auðvelt er að fá megnið af vörum í austurlenskan mat í lágvörverslunum, en það hafi nú ekki verið þannig þegar Guðrún Edda byrjaði að bera þennan rétt á borð fyrir fjölskyldu og vini. Þess þarf vart að geta að rétturinn er

KÍNVERSKAR KJÖTBOLLUR

Í súrsætri sósu (um 30 stykki) **FYRIR 3-4**

1-1,5 sm sneið fersk engiferrót
1/2 stk. stór laukur eða 1 stk. lítill
8 stk. vatnahnotur (water chestnuts - frystið afganginn úr dósinni og notið síðar)
1 msk. sojasósa (Kikk-oman)
1 msk. fremur þurr sérrý
1 msk. maizenamjöl
1 egg
2 tsk. sesamolía
1 geiri hvítlaukur
450 g svínahakk
1 stk. paprika (1/2 rauð og 1/2 græn)
1/2 laukur
1-2 gulrætur
1 bolli (1/4 dós) ananas í bitum
1 sneið (0,2-0,3 sm) engiferrót
3 msk. matarolía til steikingar

Sósa
2 dl vatn eða ananassafi úr dósinni og vatn
1/2 dl sykur (eða eftir smekk)
2 msk. vinedik
2 msk. tómat sósa
1 msk. sojasósa (Kikk-oman)
Öllu ofangreindu efni í sósunu blandað saman í skál.
4 tsk. maizenamjöl í 2 msk. vatni (í sér skál)

Aðferð:

1. Skerið engiferrót og lauk í bita. Setjið engiferrót, hvítlauk, lauk, vatnahnotur, sojasósu, sérrý, maizenamjöl, egg og sesamolíu í matvinnsluvél og blandið. Hakkið sett út í og maukað í fars. Hitið olíu á pönnu eða wok og

steikið bollur. Má gera daginn áður og geyma í ísskáp eða frysta.

2. Hellið olíu af pönnu og þrifið með vatni og þurrkið. Skerið paprika, lauk og gulrætur. Hitið olíu yfir meðalhita og steikið engiferrót í 1 mín og bætið grænmeti út í og steikið í um 2 mín. Takið engiferrót frá og hendið. Hægt að gera tólf tímum fyrir fram.

3. Bætið því við sem á að fara í sósu nema maizenamjöli og vatni sem er hrært sér og sett út í sósu til að þykkja.

4. Kötbollur settar út í sósu og látið sjóða við meðalhita. Setjið loks ananasbita út í.

í sérstöku uppáhaldi enda bregst hann aldrei. Ekki er verra að

hann höfðar jafnt til barna sem fulloröðinna.

vala@frettabladid.is

Sushi

SÝNISHORN ÚR MATSÉGLI



202. Ferskt Nings Sushi 6 bitar.

203. Ferskt Nings Sushi 10 bitar.

204. Ferskt Nings Sushi 30 bita veislubakki.

205. Ferskt Nings Sushi 50 bita veislubakki.

Ath! Veislubakka þarf að panta með dags fyrirvara.





NINGS

www.nings.is

SUÐURLANDSBRAUT 6 • HLÍÐASMÁRA 12 • STÓRHÖFÐA 17 • SÍMI 588 9899

HELGIN

LISTASAFN ASÍ opnar tvær sýningar laugardaginn 2. maí. Þóra Sigurðardóttir vinnur verk sem fjalla um gólf og veggi húss. Sólrún Sumarliðadóttir sýnir verkið Hljómrymi í gryfju; potthljóð. Sýningarnar standa til 24. maí.



Opið í dag
13:00 - 16:00

Langur laugardagur í Flash

Skokkar

margar gerðir áður-8990
nú 4990

Síðar gollur áður-6990
nú 3990

Allir jakkar og kápur
30% afsl



Laugaveg 54,
sími: 552 5201



Tómas R., Kjartan og Aðalheiður ásamt Gylfa Ægissyni.



Léttisveit Reykjavíkur í góðum gir á æfingu. Blái liturinn minnir á haföldurnar.

FRÉTTABLAÐID/GUN

Uppselt á Óskalögin

Léttisveit Reykjavíkur ætla að flytja sjómannaög í Háskólabíói á sunnudaginn, ásamt stjórnanda, undirleikurum og einsöngvurunum Gylfa Ægis og Helenu Eyjólf. Uppselt er á tónleikana.

Eitt hundrað og sex konur standa þétt saman á söngpöllum í húsi Karlakórs Fóstbræðra. Þetta er Léttisveit Reykjavíkur á æfingu og það er létt yfir henni. Sjómannaöngvarnir hljóma einn af öðrum því það er verið að renna yfir programmið sem á að flytja í Háskólabíói á sunnudaginn. Lög eins og Ég bíð við bláan sæ, Við hafið, Komu engin skip í dag, og ein tuttugu í viðbót. Dagskráin nefnist Óskalög sjómanna enda bærust öll þessi lög um byggðir landsins í óskalagaþættinum Á frívaktinni, að sögn Margrétar Þorvaldsdóttur, formanns Létt-

sveitarinnar. Spurð hvort fyrir sveitinni vaki að heilla íslensku sjómennina svarar hún kankvís. „Já, að sjálfsgöðu og ekki síður hylla íslensku sjómannskonurnar.“

Jóhanna Þórhalls stjórnar sveitinni af myndugleika og fjöri og undirspil er í höndum Aðalheiðar Þorsteinsdóttur á píanó, Tómasar R. Einarssonar á kontrabassa og Kjartans Guðmundssonar á trommur. „Eðalfólk,“ segir Margrét og bætir við: „Tómas er nánast einn af okkur, hann spilar svo oft með sveitinni.“

Brátt geysist Gylfi Ægisson í

salinn og mundar gítarinn. Meðan hann er að stilla strengina taka sönggyðjurnar lagið „Hvað skal með sjómann sem er á því“ nokkrum sinnum og gefa vel í. Svo hefur Gylfi upp raustina í Minning um mann og þær syngja viðlagið.

Léttisveitin hefur starfað frá 1995 og sumar konurnar hafa verið með frá byrjun að sögn Margrétar. „Jóhanna og Aðalheiður hafa líka verið með frá upphafi. Kraftmiklar konur sem brydda alltaf upp á einhverju nýju og eru aldrei með sömu lögin tvö ár í röð.“

gun@frettabladid.is

ALVÖRU MERKJA-OUTLET

OPNUM Í DAG

ALLT AÐ

80%

LÆGRA VERÐ

OPIÐ ALLA HELGINA

Í DAG 11 - 18

LAUGARDAG 11 - 17

SUNNUDAG 12 - 17

MAO

SENDRA

4-YOU

MIA

KILLAH

INWEAR

SISTERS POINT

STUDIO NY

MO MA

SOAKED IN LUXURY

PART TWO

FIRETRAP

BULLBOXER

AGAIN & AGAIN

BRONX

IKKS

SAMSOE & SAMSOE



OUTLET 10

+++ merki fyrir minna +++

FAXAFENI 10 - s. 578 7977

föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 1. maí 2009

Íslensk klassík

Steinunn Sigurðardóttir er vinsælasti íslenski hönnuðurinn að mati álitsgjafa Föstudags.

* SJÁ UM ÚTLITID Í EUROVISION

Yesmine Olsson, Elín Reynis og Margrét Einarsdóttir fara til Moskvu.

* STÆKKAR FYRIRTÆKIÐ Í KREPPUNNI

Gerður Guðrúnardóttir fatahönnuður keypti vefnaðarvöruverslun.

* SKÓR EFST Á ÓSKALISTANUM

Laufey Fríða Guðmundsdóttir opnar fataskápinn í Föstudegi.

núna

* blátt er málið

MAGDALENA DUBIK, UNGFRÚ REYKJAVÍK

„Í dag verður bara próflestur, en í kvöld æfi ég með píanista fyrir tónleika sem verða haldnir á Grand hóteli Reykjavík á sunnudaginn í tilefni af pólskum dögum á Grandinu. Á morgun ætla ég að leyfa mér að sofa aðeins út og fara í góðan göngutúr eða sundferð ef það verður gott veður, hitta svo vinkonurnar um kvöldið á kaffihúsi og slúðra smá.“



helgín
MIN



Eftirsóttur ljósmyndari

Tískuljósmyndarinn Saga Sigurðardóttir nýtur sívaxandi vinsælda erlendis. Saga, sem er á sínu fyrsta ári í ljósmyndanámi í London, er ein af stúlkunum bak við reykjavíklooks.blogspot.com, en hún heldur einnig út eigin bloggsíðu á saganendalaus.blogspot.com og flickr-síðu með eigin myndum sem hafa vakið mikla athygli erlendis. Myndir Sögu hafa meðal annars birst í norska Elle tímaritinu, spænsku útgáfunni af Glamour og Saga var nýverð í viðtali við litháiska tímaritið Pravda. Auk þess tók hún nýverð myndir fyrir auglýsingaherferð spænska fatamerkisins Adolfo Dominguez sem er með rúmlega 200 verslanir úti um allan heim.

Þetta
HELST

Sushi-æði

Það virðist ekkert lát vera á vinsældum sushi hjá landsmönnum og stöðum sem bjóða upp á þennan japanska þjóðarrétt fer sífellt fjölgandi. Veitingastaðurinn Fiskmarkaðurinn hefur ekki beint verið þekktur sem sushi-staður, en hefur nú hannað nýjan matseðil og býður upp á sérstök sushi-hádegi á virkum dögum milli klukkan 11.30 og 14. Á staðnum er fiskurinn unninn eftir aldagamalli aðferð og mikið lagt upp úr gæðum svo þar ætti enginn að verða svikinn af nýjum sushi-matseðli.

Yesmine Olsson, Elín Reynisdóttir og Margrét Einarsdóttir:

ÚTLITIÐ Í EUROVISION

Ég hef verið að þjálfa Jóhönnu síðustu tvo mánuði, þrisvar sinnum í viku í World Class Laugum og þrisvar í æfingastúdíói Síurlands í Vatnagörðum,“ segir Yesmine Olsson einkapjálfi, sem sér um sviðsetningu á framlagi Íslendinga til Eurovision-keppinnar í ár, sem haldin verður 12. maí í Moskvu. Eins og flestum er orðið kunnugt syngur Jóhanna Guðrún Jónsdóttir lagið Is it true? með dyggum stuðningi Heru Bjarkar, Friðriks Ómars og Ernu Hrannar í bakróddum, en með þeim spilar Börkur Birgisson á gítar og Hallgrímur Jónsson á selló. Aðspurð segir Yesmine Jóhönnu hafa staðið sig vel í undirbúningnum.

„Það kom mér á óvart hvað Jóhanna er öflug og með sterka upphandleggs-vöðva. Hún var að lyfta lóðum langt yfir meðallagi svo ég minnkaði þyngdarnar hjá henni, en hún var í frjálsum íþróttum svo hún hefur mikið keppnisskap,“ útskýrir Yesmine, sem hefur unnið mikið með túlkun Jóhönnu á laginu og samspili hennar við sjónvarpsvélar. „Aðaláherslan er lögð á að Jóhanna sé miðpunkturinn í stað þess að búa til mikið atriði í kringum hana. Ég held að það muni kom vel út fyrir Ísland í keppinni,“ segir Yesmine.

Sviðsfötin í Eurovision skipta miklu máli og undanfarnar vikur hefur Margrét Einarsdóttir búningahönnuður unnið að glæsilegum kjól fyrir Jóhönnu í samstarfi við Kolbrúnu og Gunna í Anderson & Lauth og Berglindi í Klæðskerahöllinni. „Þegar maður hlustar á lagið fær maður strax mjög sterka tilfinningu fyrir litum og formi. Þemað er ísinn og snjórinn með ævintýrlegum blæ. Þetta er mikill kjóll og fallega uppbyggður. Kjóllinn er blátóna og allur klæðnaðurinn á sviðinu verður í svipuðum tónum allt frekar rómantískt, en samt „cool“,“ útskýrir Margrét sem sér einnig um annan klæðnað Jóhönnu í ferðinni. „Við erum búin að klæða Jóhönnu upp fyrir blaðamannafundi, partí og



Flottar Yesmine, Margrét og Elín fara til Moskvu og munu sjá um útlit Jóhönnu Guðrúnar yst sem innst.

aðrar uppákomur því hún þarf alltaf að líta vel út. Þetta eru allt fót frá Andersen & Lauth, sem hafa verið alveg frábærir samstarfsaðilar. Þetta er mikill klassi og Jóhanna á eftir að skína eins og stjarnan sem hún er,“ segir Margrét og Elín Reynisdóttir förðunarmeistari tekur í sama streng, en hún mun sjá um að

farða Jóhönnu í Moskvu. „Karl Berndsen ætla að þykkja og síkka á henni hárið með lengingum og lýsa það aðeins áður en við förum. Ég mun svo hugsa um að hafa hana ferska og stelpulega úti og ekki mála hana of mikið, eða mála hana mikið án þess að það sjáist, það er trixið,“ útskýrir Elín og brosir. - ag

„Rík af sálfræðilegri spennu og blæbrigðum manlegra samskipta.“
CHICAGO TRIBUNE

KOMIN Í KILJU

„Einstaklega falleg bók um stórt og mikið leyndarmál.“
Kolbrún Ósk Skaftadóttir Eymundsson

DÓTTIR MYNDASMIÐSINS

„Falleg skáldsaga sem snertir lesandann í hjartastað.“
ERLA REYNISDÓTTIR / DV

Gaga Skorrðal keypti vefnaðarvöruverslun:

Stækkar fyrirtækið í kreppunni

Þetta var nú bara þannig að ég þeyrði í útvarpinu að Seyma væri að hætta og hringdi til að athuga með efni, en endaði svo náttúrulega bara með því að kaupa búðina,“ segir Guðrún Gerður Guðrúnardóttir fatahönnuður, betur þekkt sem Gaga Skorrðal. Gaga er eigandi Blómálsins á Vesturgötu 4 þar sem hún selur blóm, Trippenskö og sína eigin hönnun úr ull, hör og silki.

„Þetta er náttúrulega algjör bjartsýni, en ég hef alltaf verið bjartsýn og tek svo afleiðingum gjörða minna seinna,“ segir Gaga brosandí og virðist ekki láta kreppuna hafa áhrif á sig. „Ég er mjög ánægð með hvað fólk tekur þessu vel. Það er góð aukning í blómunum, skórnir selja sig sjálfir og hönnunin mín gengur enn þá,“ bætir hún við.

Í tilefni af opnun Seymu í Blómálfnum verður opunarhátíð í dag frá klukkan 10 til 19 og heitt



Blómleg Gaga Skorrðal festi nýverið kaup á vefnaðarvöruversluninni Seymu, sem verður nú opnuð í Blómálfnum, Vesturgötu 4.

á könnunni. „Mér finnst skemmtilegt að halda þetta á verkálfdeginum því ég hef alltaf litið á mig sem verkamann og er stolt af því,“ segir Gaga. - ag

* augnablikkið



KÓNGABLÁ Ofurfyrirsætan Elle McPherson var glæsileg að vanda þegar hún mætti á Marie Claire-verðlaunahátíðina í Sídney í Ástralíu á dögunum. Hún klæddist skósiðum kóngabláum Gucci-kjól og þótti liturinn fara sérstaklega vel við ljóst hár fyrirsætunnar.

föstudagur

Útgáfufélag 365 miðlar ehf. Forsíðumynd Arnþór Birkisson
Útlitshönnun Kristín Agnarsdóttir Auglýsingar Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir
sigridurdagny@365.is sími 512 5462 Föstudagur Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

TAUKARFA
4.990,-

BREIÐ HYRSLA
6.990,-

HÁ HYRSLA 5.990,-

Goa húsgögn
magnota hyrslur
úr hnotu
á lágu verði!

50%
af öllum
mottum!

Meira úrval í
verslununum

MOTTUR frá
2.490,-

50%
afsláttur
af völdum
speglum

fleiri tegundir á afslætti
í verslununum

SPEGLAR frá
1.490,-

70%
af völdum
púðum

verð frá 777,-
til 1.194,-

PÚÐAR frá 777,-

the
PIER

Full búð af vörum á lægra verði

Lokað verkalýsðsdaginn 1. maí. Opíð lau. 10-18 og sun. 12-18

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

VINSÆLASTI HÖNNUÐURINN

Steinunn Sigurðardóttir á langan feril að baki við tísku- og fatahönnun og er margverðlaunuð fyrir störf sín. Hún var yfirhönnuður hjá Gucci, Calvin Klein og La Perla, en stofnaði eigið fyrirtæki, STEINUNN, fyrir sjö árum og opnaði samnefnda verslun við Bankastræti 9 í Reykjavík.

Viðtal: Alma Guðmundsdóttir og Indíana Ása Hreinsdóttir
Ljósmyndir: Anton Brink

Ég var voðalega þakklát að fá svona góðar fréttir,“ segir Steinunn Sigurðardóttir en hún var valin besti íslenski hönnuðurinn af málsmetandi álitsgjöfum sem Föstudagur leitaði til. Margir komust á blað, en afgerandi fjöldi sagði hönnun Steinunnar standa upp úr.

Fáir vita eflaust að íslensk fatahönnun veltir um fimm milljörðum króna á ári og innlend sala er áætluð um tveir milljarðar króna. Þetta kom meðal annars fram á fyrirlestri sem Steinunn hélt á síðasta degi vetrar um sóknarfæri á sviði íslenskrar hönnunar á aðalfundi Samtaka atvinnulífsins. „Ég tók saman að það eru 28 verslanir í miðbæ Reykjavíkur, frá Garðastræti að Snorrabraut, sem selja íslenska hönnun. Þar fyrir utan eru allar þær verslanir sem selja íslenska vöru, listasöfnin og galleriín svo ég vil meina að svona í skjóli nætur sé miðbærinn að verða hönnunar- og listahverfi Íslands. Það eru ekki allir drukknir í miðbænum,“ útskýrir Steinunn brosandí og segir mikla grósku vera í íslenskrari hönnun og HönnunarMars vera eitt það sterkasta sem hefur gerst á því sviði á árinu.

Til marks um vel unnin störf hlaut Steinunn aðalverðlaun Félags kvenna í atvinnurekstri í fyrra og var fyrsti fatahönnuðurinn til að hljóta hin virtu Torsten and Wanja Söderberg-verðlaun, en það er aðeins brot af þeim viðurkenningum sem hún hefur hlotið um árin. Steinunn er nú byrjuð að hanna næstu línu fyrir vorið 2010 og er að klára framleiðslu á haustlínunni 2009 sem hún segir að vissu leyti endurspeglar ástandið í þjóðfélaginu í dag. „Það áhugaverðasta við þá línu er hvað hún er einföld. Í augnablikinu er flækingur ekki málið, bara einfaldleiki,“ segir Steinunn um haustlínuna. „Ég vann mikið með myrkrið, snjóinn og norðurljós-in sem eru venjulegir hlutir fyrir okkur Íslendinga, en við upplifum þá öll,“ bætir hún við.

Aðspurð segist hún vissulega hafa fundið fyrir efnahagsástandinu, en er full bjartsýni. „Það er allt þyngra í vöfum og tekur lengri tíma, eins og til dæmis að panta efni. Mér finnst samt gott að fólk kaupir ekki af hvatvísi lengur, heldur hugsar hvort það þurfi flíkina og muni nota hana. Ég hef alltaf talað um að klassík sé lykilatriði í hönnun því þú vilt geta tekið jakka út úr skápnum eftir tíu ár og verið



Eftirsótt Hönnun Steinunnar bykir klassík og hefur vakið athygli úti um allan heim.



Vor 2009 Vorlína Steinunnar var glæsileg, en hún er nú byrjuð að hanna næstu línu fyrir vorið 2010 og er að klára framleiðslu á haustlínunni 2009.

í honum þá jafnt og í dag,“ segir Steinunn.

SAGT VAR UM STEINUNNI

„Á heimsmeikvarða, líka hvað varðar efnisvalið. Flíkurnar hennar endast og eru klassík.“

„Frumleg, fágúð og kann þetta „international look“.“

„Klassísk og stórglæsileg hönnun. Steinunn hefur dregið vagninn í þessum bransa lengi.“

„Steinunn situr á toppnum með ótrúlega „details“, mjög fín efni og klassí flíkur. Líka á toppnum hvað verðmiðann varðar. Ótrúlega falleg og stílhrein hönnun.“

„Án efa einn af okkar hæfustu fatahönnuðum. Kann að fara með efnasamsetningar og nýta náttúruna í sköpun sinni. Með auðþekkanlegan stíl: kvenlegur en orka í fótunum hennar.“

„Hannar ótrúlega fallegar vörur. Hannar til að selja. Stendur algjörlega undir væntingum, búin að byggja upp flott vörumerki.“

„Fyrst og fremst. Allt tipp topp og til fyrirmyndar, efni, efnisval og frágangur, enda margverðlaunuð.


Vinnur út frá íslenskrari náttúru þótt það sé varla fyrir nokkurn marga að kaupa vöruna vegna verðlagsins.“

„Elegant og smart, enginn heimasaums-amatörabragur á henni.“

„Hugvitsamleg og fágúð hönnun byggð á ígrundaðri hugmyndafræði hvað varðar form, liti og kvenlíkamann.“

„Hefur fengið viðurkenningu víða, dugleg við að kortleggja Ísland og heldur fast í rætur sínar.

Spennandi, ekki bara sem hönnuður heldur líka sem persóna. Sumarlínan er meiriháttar! Algjörlega í sérklassa.“



Klassískt Steinunn fær gjarnan innblástur frá náttúrunni sem endurspeglar í hönnun hennar.

Spaksmannsspjarir.



Birta Björnsdóttir



Selma Ragnarsdóttir

Aðrir hönnuðir sem álitsgjafar Föstudags völdu

SPAKSMANNSPJARIR

„Er alltaf svolítið skotin í þeim. Hrikalega flott snið og litir. Hönnun fyrir töffarakonur.“
 „Einstæð hönnun og flottur klæðnaður.“
 „Vala og Björg eru með flotta hönnun sem hentar mörgum konum og er sigild. Skemmtilegt „twist“ af kvenleika og töffara.“
 „Alltaf klassísk hönnun sem er sigild og nýtsamleg. Auðþekj-anlegur klæðnaður sem stendur alltaf fyrir sínu.“
 „Koma vel undan kreppunni. Allt gert úr gömlum efnum, eru gjörsamlega að slá í gegn. Sér í lagi fötin sem þær gerðu fyrir tiskutvíværinginn í Norræna húsinu.“



ELM

„Glæsileiki í fyrrirúmi.“
 „Flottasta íslenska hönnunin. Með mjög vönduð efni og hugmyndarík hönnun. Dramatískar flíkur og „theatrical“ en á fyrirhafnar- og rembingslausan hátt. Allt frá því að vera karlmannlegar og töffaralegar í herrafatastíl, og út í það að vera alveg í hina áttina, mjög kvenlegt og jafn-

vel bleikir, stelpulegir ballerínukjólur.“
 „Mjög falleg hönnun, gott notagildi. Falleg efni, „twist“ í sniðunum eins og í Spakó; kvenlegur töffari, það er útlit sem við Íslenskar konur leitum mikið í.“



ANDERSEN & LAUTH

„Gunnar Hilmarsson og Kolla hanna ótrúlega flotta línu á sanngjörnu verði, hugsa mikið um smáatriði, flíkurnar halda sér endalaust og eru oft á tíðum tímalausar. Þau eru verslunarfólk að upplagi, þekja sinn markhóp og hanna til að selja. Fá fyrsta sæti hjá mér.“
 „Snillingar! Svakalega flottar og klæðilegar flíkur, flott smáatriði og fallegir litir. Hlakka mikið til að sjá meira og meira og meira frá þeim.“

BIRTA BJÖRNSDÓTTIR

„Alltaf flott, vinnur með falleg efni og flott snið.“
 „Frumkvöðull í svo mörgu sem hún hannar, óhrædd að fara nýjar leiðir og hittir alltaf í mark.“
 „Djörf, skemmtilegar samsetningar og innleiðir alltaf eitthvað nýtt sem fólk vill prófa.“



AFTUR

„Rosa flott hvernig Afturvörurnar eru endurunnar flíkur og efni. Gefur þeim töff „vintage“-brag.“
 „Frumleiki og góð hugmynd að endurvinnna gamlan fatnað. Ekki veitir af í dag.“
 „Bára er alltaf fersk og inspirerandi. Endalaus uppspretta frumleika og töffaraskapar með heiðarlegt og heilsteyp kons-ept. Varist eftirlíkingar!“



GYDJA COLLECTION

„Er að gera frábæra hluti og nýja línan lofar hrikalega góðu.“
 „Glæsilegir skór, töskur og belti úr frumlegu efni svo sem hrosshúð og snákaleðri.“

SELMA RAGNARSDÓTTIR

„Kona sem getur gert hvað sem

er: dásamlega kjóla, klikkuð jakkaföt og dúndur leggings.“
 „Fjölbreytt og óhrædd við liti.“



KRON BY KRONKRON

„Sterkir og fallegir skór. Sérstakir og vandaðir.“
 „Skór sem eiga eftir að ná langt.“
 „Djarfir skór með meiru. Gaman að sjá íslenska skó sem eru ekki eingöngu úr roði. Skemmtilegar hugmyndir. Skór með „icing on the top“.“

ÞAU VORU LÍKA NEFND

Nakti apinn

„Alltaf með eitthvað nýtt og ferskt.“
 „Sara er að gera flotta hluti.“

Ási Már

„Ótrúlega hæfileikaríkur og fjölhæfur fatahönnuður. Brillera hvort sem hann er að vinna út frá svörtu konsepti fyrir E-Label eða með alla heimsins litadýrð fyrir Nakta apann.“

Farmers Market

„Náttúrulegur, klassískur lopi gerður að fallegum tiskufatnaði er löngu tímabært konsept. Einstaklega fallegar lopapeysur.“

66 Norður

„Þessi íslenska hönnun er algjör snilld og markaðssetningin á bak við hana flott. Gott verð og aðgengileg hönnun fyrir alla.“

Raxel

„Framúrsteftnulega klassísk.“

Dead

„Töffaraskapurinn drýpur af hverri flík.“

Gbeta

„Ótrúlega fallegt hár- og höfuðskraut.“

Bergþóra Guðnadóttir

„Flottar ullarvörur þar sem skemmtilega er unnið úr ullinni.“

Ryk

„Flottur, einfaldur stíll.“

Nikita

„Heiða og Rúnar hafa staðið sig frábærlega og vaxið ört.“

Helga Ólafsdóttir

„Hefur unnið fyrir Latabæ, Ilse Jacobsen, Nikita og Hagkaup. Það er ótrúlega ferskur blær yfir öllu sem hún gerir.“

Kitschfríður

„Upp, upp mín sál og allt mitt geð – og endurunnið; hvað er meira smart og í takt við tíðarandann?“

Unnur Knudsen

„Undursamlegir litir og hárfint litasamspil á klútunum, peysunum og kjólunum hennar

Unnar snerta hverja taug, því ef litahimnaríki er til þá er það þarna!“

Dusa í Skapanum

„Er að gera ótrúlega góða hluti. Notar einfalda liti, mikið svart og hvít en formin eru það sem skín í gegn í hönnun hennar. Vel úthugað og kvenlegt. Föt með örlytu extra. Gæti vel hugsað mér að fylla fataskápin með hennar verkum.“

ÁLITSGJAFAR

Alda B. Guðjónsdóttir stílisti
 Arndís Bergsdóttir fatahönnuður og höf. Hrutahúfunnar
 Elsa María Jakobsdóttir sjónvarpskona
 Eva Dögg Sigurgeirsdóttir verkefnastjóri
 Friðrika Geirsdóttir sjónvarpskona
 Halla Vilhjálmsdóttir leikkona
 Ingibjörg Reynisdóttir leikkona
 Marta María Jónasdóttir blaðamaður
 Manúela Ósk fyrrv. fegurðardrottning
 Marín Manda Magnúsdóttir fatahönnuður
 Nonni Quest hárgreiðslumaður
 Ragnheiður Guðfinna Guðnadóttir fyrrv. fegurðardrottning
 Svava Johansen verslunarkona
 Tinna Hrafnisdóttir leikkona
 Þorbjörg Marínósdóttir blaðamaður



G-STAR RAW

OPIÐ LAUGARDAG 11-17

REYKJAVÍK STORE, LAUGAVEGUR 86-94, S: 511-2007

operated by v8 ehf

G-STAR RAW DENIM 3301 RECORDS g-star.com

© 2009 G-Star International B.V. All rights reserved. All trademarks used herein are the property of the G-Star group of companies.

tíðin

* algjör heimsborgari...

MINNINGARTÓNLEIKAR Annað kvöld klukkan 20 fara fram minningartónleikar um Rúnar Júlíusson í Laugardalshöllinni. Fram koma meðal annars meðlimir Hljóma, en sérstakir gestir eru Baldur og Júlíus synir Rúnars, María Baldursdóttir og barnabörn Rúnars.

17 AGAIN Mike O'Donnell fær óvænt tækifæri til að endurupplifa unglingsárin. Hann skráir sig aftur í gamla skólann sinn en nú er önnur tíska og hans eigin börn verða skólafélagar hans. Ekki missa af frábærri mynd með Zac Efron og Matthew Perry í aðalhlutverkum.



NEW YORK

Ingólfur Þór Pétursson flugþjónn

MORGUNMATURINN: Ekta amerískur morgunverður sem samanstendur af beikoni, eggjum, kartöflum og pönnukökum með sírópi á Manhattan Diner sem er á horninu á Broadway og W77th Street. Frábær þjónusta og gott verð.

SKYNDIBITINN: Mér finnst æði að grípa með mér svona litla kjótteina sem grillaðir eru í vögnum á götuhornum borgarinnar. Ekta New York-snarl til að gæða sér á á hraðferð.

RÓMANTÍSKT ÚT AÐ BORDA: Frábær staður í hjarta Soho sem nefnist Raoul's. Hann er við Prince Street. Blanda af amerískri og suðurevrópskri matseld. Og þarna færðu án efa bestu nautasteikina í borginni! Lítil og persónulegur staður, með fyrsta flokks matseðli og skemmtilegri þjónustu.

UPPÁHALDSVERSLUN: Verslanir New York-borgar eru auðvitað svo rosa-lega margar og frábærar. Svo það er erfitt að velja á milli. Ég fer samt ávallt í Barnes & Nobles-búðina á Broadway og 68. stræti. Hún er risastór og maður getur gleymt sér í margra tíma bara við að skoða bækur og tímarit.

BEST GEYMDA LEYNDARMÁLID: Þar sem ég er mikill matmaður ætla ég að benda á veitingastað sem er eitt af best geymdu leyndarmálum New York. Staðurinn heitir Indian Jewel og er eins og er á 44. stræti á milli 6th Avenue og Park Avenue. Snilldarmatur, ekta indverskur og vel úti látinn. Gott verð og persónuleg þjónusta.

BEST VIÐ BORGINA: Hvað hún er full af lífi og gefur frá sér mikla orku. Hvergi annars staðar getur maður vappað um einn og gleymt sér við að horfa á mannlífið, kikja í búðir eða sitja á veitingastöðum án þess að vera einmana. Maður er aldrei einn í New York.



BORGIN mín



1 Laufey í pils frá DKNY, skyrtu úr Zöru, sokkum úr KronKron og skóm úr Bianco. **2** Klútur úr Rokki og rósum. **3** Svartur kjóll frá REISS innan undir stórrí, víðri peysu sem var keypt í „second hand“ búð. **4** Skór úr Bianco. **5** Bleikur kjóll úr Spútnik, einn uppáhalds kjóllinn mín. **6** Chanel töskur. **7** Hálsmen sem amma mín átti og ég erfði frá henni. Það er merkt nafninu okkar á bakhliðinni. **8** Bolur úr All Saints.

Laufey Fríða Guðmundsdóttir háskólanemi:

LANGAR Í SKÓ FRÁ Manolo Blahnik

Getur þú lýst þínum stíl? Ég mundi segja að hann væri frekar fjölbreytilegur, ég er reyndar ekki föst í einhverjum einum ákveðnum stíl, finnst mjög gaman að breyta til og vera ekki alltaf eins þó svo að sumt höfði meira til mín en annað.

Hvað dreymir þig um að eignast í sumar? Mig hefur reyndar alltaf langað að eignast skó frá Manolo Blahnik, aldrei að vita nema maður láti drauminn rætast þar sem ég er á leið til New York. Ég ætla allavega að fá mér striga-skó.

Hvað keyptir þú þér síðast? Ég keypti síðast bol í All Saints sem er opinn í bakið, keypti svo svarta palliétutösku í Rokki og rósum.

Uppáhaldsverslun? Á enga sérstaka uppáhaldsverslun enda finnst mér gaman að breyta til. En það eru alltaf vissar búðir sem maður fer oftast í en aðrar. Svo er auðvitað alltaf gaman að fara til útlanda og versla í búðum sem eru ekki hér heima t.d. Urban outfitters, H&M, Mango og alltaf gaman að kikja í Primark og New Look í London.



Finnst þér merki á fötunum skipta máli? Það fer alveg eftir því hvað það er og við hvaða tilfelli. Dýrari merki eru í flestum tilfellum endingarbetri flíkur sem er góð fjárfesting út af fyrir sig. Annars er það ekki merkið það fyrsta sem maður sér heldur flíkin sjálf.

Hvert er skuggalegasta fatatímabilið þitt? Hef ekki átt neitt skuggalegt fatatímabil bókstaflega, ég var ekki í Marilyn Manson-klíku eða neitt þannig. Ég tók reyndar smá bleikt tímabil fyrir nokkrum árum en ekkert alvarlegt samt. Finnst bleikur mjög fallegur litur en allt er gott í hófi.

Yfir 20 milljón eintök seld

96 vikur á metsölu USA Today

SPENNA, ÁST, VAMPÍRUR

JPV

JPV ÚTGÁFA

www.forlagid.is



skemmtilegri



FRÁBÆRT ÁSKRIFTARTILBOD!
50%
 AFSLÁTTUR AF F4
 ÁSKRIFENDUR STÖÐVAR 2 SPORT, SPORT 2 EDA FJÖLVARPSINS GETA NÚ BÆTT VIÐ SÍG ÁSKRIFT AD STÖÐ 2 MED 50% AFSLÆTTI.
 NÁNAÐ UM TILBOÐIÐ Á STÖD2.IS

SJÓÐHEITUR MAÍ

ÚRSLIT Í IDOL STJÖRNULEIT – HVER FER HEIM MEÐ 2 MILLJÓNIR KRÓNA?

GREY'S ANATOMY SNÝR AFTUR



WIPEOUT

ÚRSLITIN Í AMERICAN IDOL Í BEINNI



AUÐI OG SVEPPI



THE MENTALIST



FRINGE



PRISON BREAK



SJÁLFASTÆTT FÓLK



HELL'S KITCHEN

ÞAD ER
ÓDYRARA
AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA



KLINGENBERG SPÁIR

Sigrún María Hilmarsdóttir fréttakona

„Sigrún María er fædd 30.06.1979. Sem hefur útkomutöluna 35 og er sama sem 8. Áttunnar eru í algjöru upphaldi hjá mér, þær eru svo fjörugar og skemmtilegar og gaman að vinna með þeim. Þær eru alltaf spenntar yfir því verkefni sem er hverju sinni og geta ekki beðið eftir því að það næsta byrji. Þær hafa hressandi og upplifgandi orku og hafa jákvæð áhrif á aðra í kringum sig svo það er ofsalega gott að hafa áttuna hjá sér í vinnu. Áttan er hins vegar oft mjög tilfinningarík og það sem hún

á að passa sig á er að loka sig aldrei af. Einu skiptin sem áttan er leið er þegar hún hangir heima hjá sér og er að spekulera í hvað hún hafi gert rangt í lífinu eða hvort hún hefði átt að gera þetta frekar en hitt. Áttan á það til að fara á núll-einni niður í leiða ef hún leyfir sér þetta. Áttan er „actionary“ tala, hún þarf alltaf að vera í „action“, fjöri og framkvæmdum, þá verður hún ávallt upp á sitt besta.

Sigrún María er einlægur fjörkálfur sem vill hafa hlutina á hreinu. Hún er forvitin, trygglynd, mjög góður mannþekjari og er metnaðargjörn án þess þó að láta það bitna á öðrum. Ýmsir hlutir eru þegar byrjaðir í lífi Sigrúnar sem

eiga eftir að vera til frambúðar. Hún verður með sterkan sess, á eftir að ganga með afbrigðum vel næstu árin og vinsældir hennar aukast jafnt og þétt vegna þess að hún hefur þann eiginleika að tala aldrei illa um nokkurn mann og vera sífellt með jákvæða tóna. Ég get ekki séð miklar breytingar á þessu ári Sigrún mín, nema að þú verður hamingjusamari og hamingjusamari, sálarorkan þín eflist og fólkið heima í stofu á eftir að elska þig jafnvel meira en góðu hófi gegnir. Þú hefur glóið.“

www.klingenberg.is



FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

Samúel Jón Samúelsson
tónlistarmaður

1

Tyrkneskt bað. Ég fór í svoleiðis í Tyrklandi fyrir nokkrum árum og það er mesta afslöppun sem fyrirfinnst. Svo myndi ég enda í heitu pottunum í Laugardalnum.




Rölta um og skoða umhverfið. Helst á einhverjum nýjum stað í spennandi borg. Alltaf langað til Tókýó.


2



Komast í góða plötubúð, gramsa þar í 2 til 3 tíma, fá mér gott kaffi í leiðinni og að sjálf-sögðu kaupast slatta af plötum.



Út að borða með kærastunni á Argentínu steikhús. Það er upphaldsstaðurinn okkar og einfaldlega besta steikín í bænum og þótt víðar væri leitað.



Myndi enda kvöldið á að fara á góða tónleika. Þessa dagana langar mig mikið að sjá Budos Band frá New York.

Fjögurra vikna lúxusnámskeið

fyrir konur og karla



Sjón Sigbórsdóttir hjúkrunarfræðingur og María Kristjánsdóttir lögmaður

Námskeiðið er **frábær leið** til að auka **styrk, úthald**

og **hreyfigetu**. Við erum betur í stakk búna að **takast á við krefjandi verkefni**

Gissur Ísleifsson tölvunarfræðingur



Ég breytti um **LÍFSSTÍL** og þú getur það líka. **20 kíló** Búinn að missa yfir **20 kíló** á **tveimur og hálfum mánuði** og er **enn að léttast**



Lúxusnámskeið NordicaSpa er hannað til að koma þér af stað á mjög árangursríkan og einfaldan hátt. Tilgangur námskeiðsins er að koma þér á æðra stig hvað varðar líkamlega og andlega heilsu.

- Fimm tímar í viku – Brennsla og styrkur
- 3 öflugir brennslutímar
- 2 styrkartímar í sal undir handleiðslu þjálfara
- Vikulegar mælingar
- Ítarleg næringarráðgjöf
- Fyrirlestur – Borðaðu til að léttast og auka orkuna
- Slökun og herðanudd eftir hverja æfingu
- Hollustudrykkur eftir hverja æfingu
- Takmarkaður fjöldi
- 6:30, 7:30, 10:00, 16:30 og 18:30 fimm sinnum í viku
- Þjálfari er Gunnar Már Sigfússon

1. vika – Orkuhleðsla

Í fyrstu vikunni byggir þú upp orku og kemur líkamanum í jafnvægi.

2. vika – Öflug melting – Aukin brennsla

Í viku tvö er verið að efla og bæta meltinguna til að þú fái sem mest út úr holla matnum sem þú ert að borða.

3. vika – Hormóna jafnvægi – Hreinsun

Þriðja vikan mun koma jafnvægi á hormónaflæði líkamans sem mun hafa áhrif á skap þitt, lífsorku og kraft.

4. vika – Ónæmiskerfi eftt – Jafnvægi

Í viku fjögur byggjum við upp ónæmiskerfið og hjálpum því að verja líkamann á náttúrulegan hátt.

Ný námskeið hefjast 4. maí

Skráning er hafin í síma 444 5090 eða nordicaspa@nordicaspa.is ■ www.nordicaspa.is

Hilton Reykjavík Nordica Hotel
Suðurlandsbraut 2
Sími 444 5090
nordicaspa@nordicaspa.is
www.nordicaspa.is

N O R D I C A S P A





SVÍNAFLENSAN hefur leitt til þess að stór hluti fólks, sérstaklega í Mexíkó, ber nú andlitsgrímur. Margir hafa tekið upp á því að teikna eða mála á grímum- ar til að lífga upp á útlitið og tilveruna.

TÍSKA

Skært skína klæðin

Rosemount-tískuvikunni í Ástralíu lýkur í dag. Skærilitir kjólar og sumarlegir voru áberandi þrátt fyrir að nú stefni í vetur hinum megin á plánetunni.

Ástralska Rosemount-tískuvikan var haldin dagana 27. apríl til 1. maí í Circular Quay við höfnina í Sydney. Þar sýndi hópur þekkttra hönnuða frá Ástralíu og Kyrrahafslöndum Asíu (Asia Pacific) vor- og sumarlínur sínar. Tískusýningarnar voru eins ólíkar og hönnuðirnar voru margir en þó bar nokkuð á skærum litum á borð við appelsínugulan hjá nokkrum þeirra. Í það minnsta var sumarið hönnuðunum hugleikið þrátt fyrir að veturinn hefjist í Ástralíu eftir mánuð.

Tískuvikan í Ástralíu fór fyrst af stað árið 1996 og hefur stimplað sig inn sem fastur liður í dagskrá margra tískujöfra um heim allan. Talið er að tískuvikan vekji jafn mikla athygli fjölmiðla og ástralski Grand Prix-kappaksturinn. Hönnuðir geta aðeins tekið þátt ef þeim hefur verið boðið sérstaklega af nefnd á vegum tískuvikunnar. Uppákomnan þykir sérstaklega mikilvæg fyrir unga hönnuði frá þessu svæði, sem þannig geta vakið athygli kaupenda og blaðamanna. Þess má geta að hönnuðir á borð við Akira, Camilla and marc, sass & bide og Ksubi komust á tískukort- ið með sýningum sínum í Ástralíu.

solveig@frettabladid.is

Léttur og rauður kjóll eftir tís-
hönnuðinn Kate Sylvester.
NORDICPHOTOS/GETTY



Fyrirsæta í hvítum fjaðraham með appelsínugulan augnskugga. Hannað undir merkjum TV.

Sumarlegur stuttur kjóll hannaður af Kirrily Johnston.

Íburðarmikill appelsínugulur kjóll að hætti Aurelio Costarella.

Stutt pils og flæðandi appelsínugulur toppur eftir Aurelio Costarella.

eva

...nú eru kjóladagar í Evu

20% afsláttur
af öllum kjólum

OPIÐ Í DAG 1.MAÍ



OPIÐ Í DAG
kl. 13 - 18

eva

FATÓ
ÖDÝRARI MERKJAVARA

galleri sautján

gs skór

gallerihúsið

Laugavegi 91 - www.ntc.is

OPIÐ Í DAG

frá kl. 10:00

Mesta úrvalið í Hagkaupum Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum



United örbygjuofn

MWO7103

- 700w örbylgjuofn
- 20 lítrar
- Snúningsdiskur
- Afbýðingarmöguleiki
- Litur: Hvítur

8.990_{kr}

FRÁBÆRT VERÐ

Wassermaxx sódavatnstæki

WassermaxxHV

- Einfalt í notkun
- Fylgir með bæði 1L og 0.5L flöskur
- Hægt að fá bragðefni
- Kolsýruhylki dugar fyrir allt að 60L
- Litur: Hvítt

19.990_{kr}

FRÁBÆRT VERÐ



Nýtt

í Hagkaup

4 teg. af bragðefnum
verð frá 990 kr.

United 22" LCD sjónvarp

TVD8822

- 22" 16:10 LCD sjónvarp
- 12v og 220v
- Innbyggður DVD spilar
- Upplausn: 1680x1050
- Textavarp
- Nicam Stereó hljóðkerfi
- Sjálfvirk stöðvaleit
- Scart, HDMI, RCA, S-Video og VGA tengi
- Fjarstýring
- 12v kapall fylgir

79.990_{kr}

FRÁBÆRT VERÐ



United 19" LCD sjónvarp

TVD8819

- 19" 16:10 LCD skjár
- 12v og 220v
- Upplausn: 1440x900
- Innbyggður DVD spilar
- Aðgerðarhnappar á tækinu
- Textavarp
- Nicam stereó hljóðkerfi
- Sjálfvirk stöðvaleit
- Scart, Video, S-Video & VGA tengi
- Fjarstýring
- 12v kapall fylgir

49.990_{kr}

FRÁBÆRT VERÐ



Toshiba 37" LCD sjónvarp

37AV505D

- 37" 16:9 LCD sjónvarp
- Upplausn: 1366x768
- Progressive Scan
- 720p HD-Ready
- Skerpa: 14.000:1(Dýnamísk)
- Active Vision LCD TV uppskölun
- 3D Digital Comb filter
- Birtustig: 500 cd/m²
- Nicam Stereó hljóðkerfi
- 2x HDMI, 2x scart, Composite & Component tengi

104.990_{kr}

FRÁBÆRT VERÐ



Toshiba 22" LCD sjónvarp

22DV555DG

- 22" HD 16:9 LCD sjónvarp
- Innbyggður DVD spilar
- HD-Ready
- Innbyggður DVB-T móttakari
- Upplausn: 1680x1050
- Dýnamísk skerpa: 1000:1
- Birtustig: 300 cd/m²
- Nicam Stereó DTS hljóðkerfi
- Spilar DVD+, DVD-, DivX 6, JPEG & MP3
- HDMI, scart, Component & Composite tengi
- VGA, S-Video og heyrnatólstengi
- Fjarstýring fylgir

99.990_{kr}

FRÁBÆRT VERÐ



Gildir til 7. maí eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Helgar

FRÉTTABLAÐIÐ



blað

alla laugardaga

Helgarblaðið:

Kvikmyndaframleiðandinn Guðrún Edda Þórhannesdóttir - Fjórar kvikmyndir og sjónvarpsþáttasería á borðinu.

Hef litla þolinmæði fyrir Bubba – Ólafur Arnalds tónskáld.



Fjölskyldan:

Öll fjölskyldan á mótörhjólum: Sigurlaug Jónasdóttir, Torfi Hjálmarsson og börnin þeirra þrjú eru öll á kafi í mótorsporti.

Litríkt barnaafmæli við heimasmíðað langborð.



Heimili og hönnun:

Hægindi í hálföld. Skatan aftur í framleiðslu á 50 ára afmæli.

Pottar til prýði. Blómapottar sem lífga upp á heimilið.

Allt sem þú þarft



NÖKKUR ORÐ
Kjartan Guðmundsson

Vorboðar og váboðar

Vorboðarnir eru margir „hér á landi á“, eins og meistari Hallbjörn Hjartarson myndi líklega orða það. Flestir þeirra eru þó sannkallaðir úlfar í sauðagærum, að minnsta kosti hvað sjálfan mig varðar.

Lóan sem kveður burt snjóinn og leiðindin og ég veit ekki hvað og hvað er ágæt. En systir löunnar, krían, er hins vegar óþolandi. Hávaðinn sem þessi skaðræðis-skepna gefur frá sér særir viðkvæmar hljóðhimnur verr en Coldplay-lög á hæsta styrk, auk þess sem hún er sýkt og heilagt að böggast í sáraklausu mannfólkinu. Sú leiðindatilhneiging kríunnar að ráðast á hæsta punkt var mér endalaus uppspretta leiðinda þegar ég starfaði sem leiðbeinandi á sumarnámskeiði fyrir börn eitt sumarið. Í göngutúrum úti á Gróttu var ég

óhjákvæmilega hæstur viðstaddra, og varð því fyrir tíðum morðtilraunum af goggi vorboðans ljúfa. Guð forði Mjallhvíti frá því að fá sér skreppitúr með vinum sínum dvergum sjö á fögru landi ísa.

Annar þekktur vorboði er nýslegið gras. Ilmurinn af því er raunar ansi góður og hressandi, en gamanið kárnar fljótt þegar bölvuð heymæðin lætur á sér kræla. Augun fyllast af tárur, nefið af hori og hugurinn af myrkri. Skemmtilegt eða hitt þó heldur.

Hress ungmenni í grímubúningum að dimmitera í miðbænum tengjast svo komu vorsins órjúfanlegum böndum, og fyrri hluta dags getur verið gaman að fylgjast með slíkum gjörningi. Þegar kvöldi tekur viku hressleikinn þó oftast en ekki fyrir óminnishegranum illræmda, fyllerisrugli, slagsmálum og ælu.

Fátt er svo með öllu gott að ekki (vor)boði nokkuð illt.



myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



VERJUM SÆKJUM

þann rétt sem við eigum!

1927 samið um 8 tíma hvíld á sólarhring

1936 samið um almannatryggingar

1938 samið um vinnulöggjöfina

1946 samið um 1 mánaðar uppsagnarfrest

1948 samið um styttingu dagvinnu í 48 klst. á viku

1948 samið um 12 veikindadaga

1949 samið um vinnulöggjöfina

1953 samið um 15 daga sumarfrí

1957 samið um atvinnuleysistryggingarsjóð

1961 samið um sjúkrasjóð

1964 samið um orlofssjóð

1969 samið um lífeyrissjóði

1971 samið um styttingu dagvinnu í 40 klst. á viku

Þessir sigrar lögðu grunn að því þjóðfélagi sem við þekkjum í dag. Nú er ekki sjálfgefið að áratuga barátta fyrir réttindum sé trygg. Sýnum samstöðu – verjum þann rétt sem við eigum!

**Tökum þátt í 1. maí
hátíðarhöldunum**



**RAFÍÐNAÐARSAMBAND
ÍSLANDS**



PBB, Fréttablaðið

„Ekki missa af þessari feðurð...“

PES, Viðsjá

01.05 kl.21 Föstudagur
03.05 kl.21 Sunnudagur
17.05 kl.21 Sunnudagur
24.05 kl.21 Sunnudagur
(ath. síðustu sýningar)

húmanímal

Sýnt í Hafnarfjarðarleikhúsinu

Miðasala í síma 555 2222 og á midi.is

Auglýsingasími

512 50 50

- Mest lesið

Íslenskur leikari í mekka Talíu

„Þetta er frábært. Ekki síður gaman að fá að vera nemi í gjörningalist í London í eitt ár í algjöru frelsi. Og fá hjálp við að þróa allar sínar rugluðustu hugmyndir,“ segir Guðmundur Ingi Þorvaldsson leikari. Hann er að lifa drauminn. Úti í London. Þar sem hann starfar meðal annars með hinum rómaða SHUNT hópi.

Guðmundur Ingi er í Masters námi í Gjörningalist í Goldsmiths University í London, fór í september og verður í það minnsta í ár. Ætlar að vera lengur ef kostur er. Í Goldsmiths kynntist hann leikhúsgúrúinu Mischa Twichin sem kennir þar öðru hverju. „Besti kennari sem ég hef nokkru sinni haft,“ segir Guðmundur og dregur ekki af sér við lýsingar á hæfileikum Mischa sem hann segir einhvers konar blöndu af heimspekingi og leiklistarsení. Kynni þeirra leiddu svo til þess að Mischa setti sig í samband við Guðmundur

skömmu eftir að kúrsinum sem hann kenndi lauk og bauð honum hlutverk í verki sem fjallar á afar sérstæðan hátt um síðustu mánuðina í lífi Franz Kafka. Guðmundur þurfti ekki að hugsa sig tvisvar um en sýningin er innan vébanda SHUNT. „Alger forréttindi að kynnast þessu liði. Þetta eru miklir snillingar,“ segir Guðmundur og telur erfitt að lýsa þessu fyrirbæri.

Í bogagöngum undir London Bridge brúnni hefur SHUNT hópurinn þúsund fermetra til umráða. Þessu rými er skipt upp og eru reglulega sýningar af ýmsum toga þar sem listgreinar blandast saman. Og sýningarnar breytast dag frá degi. Þarna er alltaf troðið, menn borga fyrir að komast inn en ekki á einstaka viðburði. SHUNT hópurinn var stofnaður fyrir níu árum, hefur staðið að framúr-

stefnulegum sýningum og þykir einn merkilegasti leikhópur Breta um þessar mundir.

„Ég tók eftir því þegar ég átti leið um þessa lestarstöð að þarna var alltaf röð. Við venjulega ómerkta hurð. Ég var forvitinn um þetta og þegar ég komst að því hvað þarna var að gerast ákvað ég að þarna vildi ég performerera áður en ég færi frá London,“ segir Guðmundur. Hann segir að þetta fyrirkomulag bjóði upp á algert listrænt frelsi. „Snilldarfyrirkomulag. Þetta er aldrei auglýst en alltaf fullt hús.“

Sýningin sem Guðmundur leikur í er síbreytileg. Um er að ræða tveggja manna verk 'The Destruction of Experience: Klamm's Dream' sem er samið og leikstýrt af Mischa Twichin sem er einn stofnenda SHUNT. „Mischa skrifar ekki texta sjálfur heldur gerir eins konar mósaikverk. Þessi sýning byggir á dagbókarbrotum Kafka og svo blandast smásögur hans inn í. Verkið fjallar um síðustu sex mánuðina í lífi hans. Í grófum dráttum fjallar þetta um hvernig skáld yfirfærir eigin sársauka á verk sín. Þetta er gríðarlega erfður texti og ég er stoltur af að hafa lært hann. Skildi varla bofs í fyrstu,“ segir Guðmundur sem er ekki á leiðinni heim í bráð. - jbg

GUÐMUNDUR INGI Starfar nú með Mischa Twichin og SHUNT-hópnum.



ATH!!! SÍÐASTA HELGIN

NÚ FER HVER AÐ VERÐA SÍÐASTUR

ÓDÝRI TÓNLISTAR - DVD OG MYNDBANDAMARKAÐURINN



Frá 9. apríl til 3. maí

GÍFURLEGT ÚRVAL AF ÖLLUM TEGUNDUM TÓNLISTAR

ROKK-POPP-KLASSÍK-BLÚS-KÁNTRÝ-SLÖKUNARTÓNLIST-ÞÝSK,SKANDINAVÍSK OG ÍRSK TÓNLIST OG AÐ SJÁLFSÖGÐU ALLIR NÝJUSTU TITLARNIR Á BETRA VERÐI EN ÞÚ ÁTT AÐ VENJAST

Sími: 561-4114

OPIÐ ALLA DAGA FRÁ 10 - 18

VERIÐ VELKOMIN OG NJÓTIÐ FRÁBÆRS ÚTSÝNIS OG GÓÐRA VEITINGA Í VEITINGASAL PERLUNAR

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Föstudagur 1. maí 2009

→ Tónleikar

17.00 Ragnheiður Sara Grímsdóttir heldur tónleika í **Seltjarnarneskirkju**. Á efnisskránni verður blanda af klassískri og nýrri tónlist. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

20.30 **Bubbi Morthens** verður á Kaffi Kósý á Reyðarfirði. Á efnisskránni verður nýtt efni í bland við eldra. Húsið opnað kl. 20.

21.00 Gítarhátíð á Græna Hattinum við Hafnarstræti 96 á Akureyri 30. apríl - 2. maí. Í kvöld koma fram **Björn Thoroddsen** og hljómsveit, Ómar Guðjónsson og hljómsveit og Halldór Bragason og hljómsveit. Húsið opnað kl. 20.



21.00 **Skakkapopp** verður með tónleika á Populus Tremula í Listagilinu við Kaupvangsstræti á Akureyri. Einnig koma fram Létt á bárunni, Prins Póló og Sicbird.

22.00 **Högni Lisberg** og hljómsveit verða á Grand Rokk við Smiðjuveg.

23.00 10 Steps Away spilar á **Dillon Sportbar** við Trönuhraun 10 í Hafnarfirði.

→ Opnanir

14.00 Jón Ingi Sigurmundsson opnar málverkasýningu í **Gallerí Gónhól** við Eyrargötu á Eyrarbakka. Opið fös.-sun. kl. 13-17.

15.00 Trygvi Ólafsson og Daði Guðbjörnsson opna sýningar í **Gallerí Fold** við Rauðarástig. Allir velkomnir. Opið mán.- fös. kl. 10-18, lau. kl. 10-16 og sun. kl. 13-16.

16.00 **Didða Hjartardóttir Leaman** opnar sýningu í Gallerí BHM, Borgartúni 6, 3. hæð. Sýningin verður opin alla virka daga kl. 9-16.

→ Sýningar

FÁT, Félag áhugamanna um tréskurð opnar sýningu í Skurðstofu Sigurjóns við Hólshraun 5, Hafnarfirði. Opið lau. og sun. kl. 14-17. Aðgangur ókeypis.



→ Dansleikir

Skítamóral verður á **Players** við Bæjarlind í Kópavogi.

Klúbbakvöld **Weirdcore** verður haldið á Jakobsen við Austurstræti 9. Fram koma Yagya, Frank Murder, Biogen, Anonymus o.fl.

Eyvi þeytir skífum á nýjum skemmtistað við Tryggvagötu 22, London/Reykjavík. Snýrtilegur klæðnaður, aldurstakmark 22 ára.

Verkalýðs-Hiphop verður á Sódóma Reykjavíkur við Tryggvagötu. Fram koma m.a. Forgotten Lores, 32C, S.Creezy, G Maris og DJ Kocoon. Húsið opnað kl. 22.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is



NÝDÖNSK RÍKISSTJÖRN

**Aðgerðapakinn kynntur
á NASA við Austurvöll laugardaginn 2. maí.**

Nauðsynlegar lagasetningar!

1 Íslenska krónan er talin í metrum og stundum <i>(Verðbólgin augu)</i>	2 Allt sem var til það er búið og gufað upp í loft <i>(Sökudólgur óskast)</i>	3 Flýtum okkur hægt, gerum það í snatri <i>(Hjálpðu mér upp)</i>
4 Ef þú trúir því að þú vitir allt þá veistu ekki neitt <i>(Lærðu að ljúga)</i>	5 Þú finnur lausnina í eigin sannleika <i>(Lærðu að ljúga)</i>	6 Komandi tíð mun verða hörð en bærileg <i>(Nostradamus)</i>
7 Evrópska módelið er smart og elegant <i>(Verðbólgin augu)</i>	8 Þú getur miklu meira en þú heldur <i>(Kraftaverk)</i>	9 Það virkjar hver fyrir sig kraftana í sér <i>(Náttúran)</i>

**Stuðningsmenn,
fjölmönnum og fögnum bættu lagaumhverfi**

Páttökugjald: 1500 ISK – 9 €
Fundurinn hefst á miðnætti



NÝDÖNSK
- með höfuðhútt

> KOMIN Í KYNLÍFSBANN

Söngkonan Lily Allen hefur heitið því að lifa skírlífi þar til hún kemst aftur af stað í tónlistarskópun sinni. Lily segir að sér gangi ekkert að semja lög og hefur því ákveðið að setja sjálfa sig í kynlífsbann þar til hún kemst aftur á skrið. „Það hjálpar stundum og nú ætla ég að prófa þetta í einhvern tíma,“ segir söngkonan.



fólk

folk@frettabladid.is

Sirkusinn fer til Evrópu

Söngkonan Britney Spears ætlar að halda Circus-tónleikaferðalagi sínu áfram um Evrópu í sumar. Fyrstu tónleikarnir verða 19. júní á Írlandi og í framhaldinu stígur hún á svið í Frakklandi, Danmörku, Svíþjóð, Rússlandi og víðar. Lokatónleikarnir verða svo í Berlín 26. júlí.

Britney hóf tónleikaferðina 3. mars síðastliðinn í heimaríki sínu Louisiana í Bandaríkjunum og alls verða tónleikarnir þar í landi 39 talsins. Viðtökurnar hafa



BRITNEY SPEARS
Söngkonan heldur
Circus-tónleikaferð
sínni áfram um
Evrópu í sumar.

verið mjög góðar og ljóst að Britney er komin aftur á beinu brautina eftir mótlæti undanfarinna ára.

Weirdcore fram á nótt

Fyrsta klúbbkvöld Weirdcore verður haldið á skemmtistaðnum Jacobsen í kvöld. Fram koma Yagya, Frank Murder og Biogen. Einnig munu Vector, Anonymus, Thor og Andre þeyta skífum.

Yagya ætlar að spila „minimal techno“ með melódísku ívafi eins og honum einum er lagið. Næst mun Frank Murder spila og síðastur á svið er Biogen, sem er einn af frumkvöðlum íslenskrar dansstónlistar. Eftir tónleikana taka skífubeytar við og spila dansvæna og framúrsteftulega tónlist fram eftir nóttu. Klúbbkvöldið byrjar klukkan eitt og er ókeypis inn.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is



Kardemommubærinn (Stóra sviðið)

Sun 3/5 kl. 14:00	U	Sun 24/5 kl. 14:00	U	Lau 6/6 kl. 17:00	U
Sun 3/5 kl. 17:00	U	Þri 26/5 kl. 18:00	U	Sun 7/6 kl. 14:00	U
Þri 5/5 kl. 18:00	U	Mið 27/5 kl. 18:00	U	Sun 7/6 kl. 17:00	U
Sun 10/5 kl. 14:00	U	Fös 29/5 kl. 18:00	U	Lau 13/6 kl. 14:00	Ö
Sun 10/5 kl. 17:00	U	Lau 30/5 kl. 14:00	U	Lau 13/6 kl. 17:00	Ö
Lau 16/5 kl. 14:00	U	Lau 30/5 kl. 17:00	U	Sun 14/6 kl. 14:00	U
Lau 16/5 kl. 17:00	U	Fim 4/6 kl. 18:00	U	Sun 14/6 kl. 17:00	U
Sun 17/5 kl. 14:00	U	Fös 5/6 kl. 18:00	U	Sun 30/8 kl. 14:00	U
Sun 17/5 kl. 17:00	U	Lau 6/6 kl. 14:00	U	Sun 30/8 kl. 17:00	U

Sýningar haustsins komnar í sölu



Hart í bak (Stóra sviðið)

Lau 2/5 kl. 20:00	U	Lau 9/5 kl. 20:00	U	Fös 15/5 kl. 20:00	U
Fös 8/5 kl. 20:00	U	Fim 14/5 kl. 20:00	AUKAS.		

Sýningum lýkur 15. maí. Tryggðu þér sæti



Sædýrasafnið (Kassinn)

Sun 3/5 kl. 21:00	Ö		
-------------------	---	--	--


Síðasta sýning.



Skoppa og Skritla í söng-leik (Kúlan)

Lau 2/5 kl. 13:00	Ö	Lau 9/5 kl. 13:00	Ö
Lau 2/5 kl. 14:30	Ö	Lau 9/5 kl. 14:30	Ö

Bestu vinkonur barnanna í liflegri sýningu fyrir þau allra yngstu.



Creature - gestasýning (Kassinn)

Fim 14/5 kl. 20:00	U	Lau 16/5 kl. 20:00	
Fös 15/5 kl. 20:00	Ö	Sun 17/5 kl. 20:00	

Kolklíkkaður leikhúskonsert. Aðeins fjórar sýningar.



Í Óðamansgarði (Stóra sviðið)

Ópera í samstarfi við Listahátið í Reykjavík

Fös 22/5 kl. 20:00		Lau 23/5 kl. 20:00	
--------------------	--	--------------------	--

Aðeins tvær sýningar.

Æskuvínir gera tröllasögu

Æskuvínir Andri Kjartan Jakobsson og Hörður Bjarnason eru að undirbúa gerð nýrrar teiknimyndasögu sem nefnist Morrigan. Hún kemur út í haust og verður seld í versluninni Nexus.

Andri Kjartan og Hörður, sem verða tvítugir á árinu, hafa alla tíð haft mikinn áhuga á myndasögum og vilja með nýju sögunni efla áhuga Íslendinga á þessu bókmenntaformi. „Það er enginn að gera myndasögur á Íslandi. Við ákváðum að byrja á einhverju svona til að fá fleiri til að byrja á þessu á Íslandi. Það verður einhver að fara að gera eitthvað,“ segir Andri Kjartan. Þeir félagar hafa sótt um styrk frá ríkinu til að geta einbeitt sér að gerð sögunnar í sumar og vona það besta. „Þetta er tröllasaga og er með íslenskum blæ.“

Hún fjallar um tröllafeða sem eru næstum því einu tröllin sem eru eftir og þeir eru að reyna að sleppa undan Morrigan sem er að reyna að útrýma öllum tröllum í heiminum,“ segir Andri. Spurður hvaðan þeir fá innblásturinn segir hann að Múmínálfarnir hafi alltaf verið í miklu uppáhaldi hjá þeim. „Við elskum Múmínálfana og erum miklir aðdáendur þeirra.“



ANDRI OG HÖRÐUR Félagarnir Andri og Hörður eru að semja teiknimyndasögu sem nefnist Morrigan og er væntanleg í haust.

Þeir ætla að leyfa almenningi að fylgjast með framvindu Morrigan annan hvern föstudag í sumar í Nexus og gefa fólki tækifæri til koma með athugasemdir. Fyrsta kynningin verður þó á laugardaginn þegar „Ókeypis myndasögudagurinn“ verður haldinn hátíðlegur í versluninni og víðar um heim. Dagurinn er nú haldinn áttunda árið í röð og ætlar Nexus að byrja á því að gefa blöð um leið og verslunin opnar, eða klukkan 12. Verður því haldið áfram til lokunar

eða þar til blöðin klárast. Andri og Hörður eru með fleiri verkefni í vinnslu og virðist enginn skortur vera á hugmyndaflugi á þeim bænum.

„Við erum með önnur verkefni sem við förum að vinna að þegar við erum búnir með þessa sögu,“ segir hann og er þegar farinn að horfa til útlanda. „Við viljum gefa út í útlöndum ef allt gengur upp. Þar eru 58 fyrirtæki í gangi og alveg nógu mikið að velja um,“ segir hann.

freyr@frettabladid.is

SAGA UM HUGREKKI, MANNGÆSKU, GLEÐI OG ÁST

EN EINNIG ÓTTA OG ÓSKILJANLEGA GRIMMD

ÓTRÚLEG SAGA ÞAR SEM DAUÐINN ER SÖGUMAÐUR

„Hrífandi og hárbeitt.“

Washington Post

„Ótrúlega yfirgripsmikil saga, meistaralega sögð.“

Guardian



KOMIN Í KILJU

Yfir 80 vikur á metsölulista New York Times

JPL
JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

Ledger á Cannes

Síðasta myndin sem Heath Ledger lék í áður en hann dó, The Imaginarium of Doctor Parnassus, verður heimsfrumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Cannes 22. maí.

Ledger lést á meðan á tökum myndarinnar stóð og náði því ekki að ljúka við hlutverk sitt. Til að hægt yrði að klára myndina voru þeir Johnny Depp, Jude Law og Colin Farrell fengnir til að hlaupta í skarðið fyrir Ledger og leika persónu hans, Tony. Á meðal annarra leikara í myndinni eru Christopher Plummer, Verne Troyer og Tom Waits og má því búast við miklu stjörnuskiini á rauða dreglinum á Cannes. Myndin, sem fjallar um Dr. Parnassus og óvenjulega sýningu hans, mun ekki keppa um Gullpálmann í Cannes.



HEATH LEDGER Síðasta mynd Ledgers, The Imaginarium of Doctor Parnassus, verður heimsfrumsýnd á Cannes-hátíðinni.

Diskóhátíð í Eyjum

Mikil diskóhátíð verður haldin í Vestmannaeyjum um helgina. Á föstudagskvöld stígur diskóflokkurinn Þú & ég á svið í Höllinni og kemur öllum í rétta skapið auk þess sem Herbert Guðmundsson tekur nokkur vel valin lög. Páll Óskar lýkur síðan kvöldinu með spilamennsku langt fram á nótt.

Á laugardagskvöld heldur gleðin áfram á Volcano Café þar sem plötusnúðarnir Daddi diskó og Kiddi bigfoot þeyta skífum eins og þeim einum er lagið. Allir gestir eru hvattir til að mæta í fötum og með hárgreiðslu í anda níunda áratugarins.



ÞÚ OG ÉG Duettinn Þú og ég, með Helgu Möller og Jóhann Helgason í fararbroddi, spilar í Eyjum á föstudagskvöld.

Íslensk hönnun


Vorum að fá fullt af nýjum og fallegum vor og sumarvörum....

www.andersenlauth.com



Andersen & Lauth
Reykjavík
established 1984

kvenverzlun Laugavegi 86-94, sími 552 6066
herraverzlun Laugavegi 7, sími 551 6811



NÝTT Í BÍÓ

LAUGARAS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!

SMÁRRA BÍÓ	SÝNINGARTÍMAR
X-MEN ORIGINS: WOLVERINE	kl. 5:50, 8 og 10:10 - POWER 14
CRANK 2 HIGH VOLTAGE	kl. 8 og 10 - POWER 16
STATE OF PLAY	kl. 5.30, 8 og 10.30 12
FRANKLÍN - Ísl. tali	kl. 2(500kr.) og 4 L
MONSTERS VS. ALIENS	kl. 2(500kr.) og 4 L
MONSTERS VS. ALIENS 3D	kl. 2(850kr.) og 4 L
VILLTU VINNA MILLJARÐ	kl. 5.50 12

HEIMSFROMSÝNING Á FYRSTU STÓRMYND SUMARSINS.

Hún elskaði allt sem Miami hafði uppá að bjóða... ..En nú þarf hún að flytja í mesta krummaskúð í heimi!

Hö stígaða ævintýri er loksins komið í bíó. Frábær fjölskylduskemmtun.

ATH! 500 kr.

ATH! 500 kr.

ATH! 500 kr.

SMÁRRA BÍÓ	ALFABAKKA	SELFOSS	AKUREYRI	KEFLAVÍK
X MEN	kl. 1:30 - 3:40 - 5:40D - 8D - 10:20D 14	PUSH	kl. 8 - 10:20 12	MONSTERS VS ALIENS
X MEN	kl. 5:40 - 8 - 10:20 L	STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN	kl. 2 - 4 - 6 L	17 AGAIN
NEW IN TOWN	kl. 5:50 - 8 - 10:20 L	I LOVE YOU MAN	kl. 8 12	PUSH
STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN	m/ísl. tali kl. 2 - 3:50 L	FAST & FURIOUS	kl. 10:20 12	THE BOY IN THE STRIPED PAYJAMAS
OBSERVE AND REPORT	kl. 6 - 8 - 10:20 16	MONSTERS VS ALIENS	m/ísl. tali kl. 2 - 4 L	KNOWING
OBSERVE AND REPORT	kl. 1:30 - 3:40 VIP	MALL COP	kl. 6 7	MONSTERS VS ALIENS
17 AGAIN	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 L	AKUREYRI	kl. 10:20 16	BAADER MEINHOF COMPLEX
I LOVE YOU MAN	kl. 8 12	STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN	m/ísl. tali kl. 2 - 4 - 6 L	LET THE RIGHT ONE IN
KNOWING	kl. 10:20 12	THE UNBORN	kl. 8 - 10 16	
MONSTERS ALIENS	m/ísl. tali kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 L	MONSTERS VS ALIENS	m/ísl. tali kl. 2 - 4 L	
BEVERLY HILLS CHIHUAHUA	m/ísl. tali kl. 1:30 L	RACE TO WITCH MOUNTAIN	kl. 6 7	
BOLT	m/ísl. tali kl. 3:40 L	STATE OF PLAY	kl. 8 12	
NEW IN TOWN	kl. 8:10 - 10:20 L	OBSERVE AND REPORT	kl. 10:20 16	
STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN	m/ísl. tali kl. 2 - 4 - 6 L	KEFLAVÍK		
THE UNBORN	kl. 8:20 - 10:20 16	MONSTERS VS ALIENS	m/ísl. tali kl. 4 L	
OBSERVE AND REPORT	kl. 10:20D 16	17 AGAIN	kl. 6 - 8 L	
MONSTERS ALIENS	m/ísl. tali kl. 2(30) - 4(30) - 6(30) L	PUSH	kl. 8 12	
MONSTERS VS ALIENS	m/ísl. tali kl. 1:40 - 3:40 L	THE BOY IN THE STRIPED PAYJAMAS	kl. 10:10 12	
BAADER MEINHOF COMPLEX	kl. 5:40 16	KNOWING	kl. 10:10 12	
LET THE RIGHT ONE IN	kl. 8 16	STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN	m/ísl. tali kl. 4 - 6 L	

Óttast svínaflensu

Noel Gallagher úr Oasis hefur að vonum áhyggjur af svínaflensunni eins og restin af heimsbyggðinni. Gítarleikarinn bloggðaði nýverið frá Venesúela þar sem áhrif flensuumræðunnar á almenning eru greinileg. „Það er allt orðið brjálað hérna. Fólk er komið með svínaflensuna á heilann,“ skrifði hann.



NOEL GALLAGHER Gítarleikari Oasis óttast svínaflensuna eins og svo margir aðrir.

„Þegar ég lenti á flugvellingum var allt starfsfólkið með litlar, hvítar andlitsgrímur. Þetta var eins og í skáldsögu eftir Stephen King. Mér fannst ég nakinn án svona grímu. Ekki nóg með það heldur hringdi mamma í mig á sama tíma og sagði mér að fara varlega því ég gæti dáði úr svínaflensunni.“

Voltaic-box kemur í júní

Tilkynnt hefur verið um útgáfudag á nýju safnboxi Bjarkar Guðmundsdóttir, Voltaic. Boxið kemur út 23. júní og verður faanlegt í fimm mismunandi útgáfum. Tvær útgáfurnar hafa að geyma tvo geisladiska og tvo DVD-diska með tónleika- og hljóðversupptökum, myndböndum og endurhljóðblönduðum lögum af síðustu plötu hennar Volta. Meðal annars verður þar að finna lög sem Björk tók upp í hljóðveri í London með tónleikabandi sínu árið 2007.



Á móti Zeppelin og Nirvana

Brandon Flowers, söngvari The Killers, er orðinn þreyttur á því hve landar hans í Bandaríkjunum eru enn uppteknir af sveitum á borð við Led Zeppelin og Nirvana sem eru löngu hættar. Hann hefur sett sér það markmið að velta þeim úr sessi þótt hann viti að það geti verið erfitt.



BRANDON FLOWERS Söngvari The Killers vill velta Led Zeppelin og Nirvana úr sessi. NORDICPHOTOS/GETTY

The Killers er á tónleikaferð um Bandaríkin og eftir það er ferðinni heitið til Bretlandseyja. Þangað til þarf hann þó að glíma við forðoma landa sinna. „Við höfum fengið ótrúlega góðar móttökur í Bretlandi og það er frábær tilfinning,“ sagði Flowers. „En hérna [í Bandaríkjunum] er fólk ennþá með Led Zeppelin, Nirvana og svoleiðis hljómsveitir á heilanum og þess vegna fær engin önnur sveit að vaxa og dafna. Þetta snýst ekki bara um okkur því margar frábærar hljómsveitir hafa verið njörvaðar niður vegna þeirra sem við höfum sett á heidursstall,“ sagði

hann. „Ég er orðinn þreyttur á því. Mig langar að ýta þeim öllum í burtu en fólk vill ekki hlusta á svona tal. Það skiptir ekki máli hversu mörg frábær lög við semjum eða hversu góða tónleika við höldum, en við erum að vinna í þessu smám saman.“

NÝTT Í BÍÓ!

HEIMSFROMSÝNING Á FYRSTU STÓRMYND SUMARSINS MYND SEM ENGINN MÁ MISSA AF Í BÍÓ!

LÚXUS **500.-**

CRANK HANN VAR DAUÐUR... HÉNA LÍÐUR HONUM MIKLU BÆTUR

17 AGAIN HVER SEGR AD ÞU SÉRT BARA UNGUR EINU SINNI?

I LOVE YOU MAN FÁRIL ROSS JACOB EGGEIL

BIÓDAGAR 2009 AÐEINS 3 DAGAR EFTIR!

SMÁRRA BÍÓ Sími 564 0000 **TILBOÐSVERÐ**

SMÁRRA BÍÓ	HÁSKÓLA BÍÓ
X-MEN WOLVERINE D	X-MEN WOLVERINE
X-MEN WOLVERINE LÚXUS D	DRUMLANDIÐ
CRANK 2: HIGH VOLTAGE	BIÓDAGAR GRÆNA LJÓSSINS 17. APRÍL - 4. MAÍ
17 AGAIN	COCAINE COWBOYS 2
I LOVE YOU MAN	SUNSHINE CLEANING
DRUMLANDIÐ	MAN ON WIRE
FRANKLÍN & FJARSJÓÐURINN	FROZEN RIVER
MALL COP	ME AND BOBBY FISHER
	GOMORRA
	DIE WELLE
	TWO LOVERS

REGNBÖGINN Sími 551 9000 **750 kr.**

ÓDÝRT Í BÍÓ!

STATE OF PLAY	kl. 3-5:30-8-10:30 12
I LOVE YOU MAN	kl. 3:20-5:40-8-10:15 12
FAST AND FURIOUS	kl. 3:20-5:40-8-10:15 12
MALL COP	kl. 3:30-5:50-8 L
MARLEY AND ME	kl. 10:20 L

REGNBÖGINN Sími 462 3500

X-MEN WOLVERINE	kl. 5:50-8-10:10 14
17 AGAIN	kl. 8 L
CRANK 2: HIGH VOLTAGE	kl. 10 16
DRUMLANDIÐ	kl. 5:50 L

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞU BORGAR BÍÓDAGINN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÖNUR

Sýnd með íslensku tali

Stígvélaði kötturinn

FRUMSÝND Í DAG 1. MAÍ

Reykjavík, Keflavík, Selfossi og Akureyri

DREIFING: SAMBÍÓ

SAMBÍÓ



Við gerum fleira en pizzur
bjóðum líka uppá gæða
hamborgara og samlokur

■ Við gefum þér PIZZU

10 hver pizza frí!

16" pizza með
2 áleggstegundum

kr. 1390


ef þú sækir

Fáðu afsláttarkort og safnaðu stimplum

Afsláttarkort



Við bjóðum upp á lítið og stórt pepperoni
lítið pepperoni er okkar fyrsta val



Við sendum þér sms
þegar pizzan fer í ofninn



Gnoðarvogi 44 - Ánanaustum 15 og Eddufelli 6



3 staðir 1 símanúmer
581 15 15

FRÉTTABLAÐIÐ SPÁIR BREIÐABLIKI 8. SÆTINU Í PEPSI-DEILDinni SUMARIÐ 2009

> LYKILMAÐURINN

Arnar Grétarsson hefur spilað stórt hlutverk með Breiðabliki undanfarin sumar. Arnar hefur verið kjölfestan á miðju liðsins og hefur miðlað af reynslu sinni til ungra og efnilegra leikmanna sem er nóg af í Blikaliðinu. Ábyrgðin verður enn meiri á Arnari í sumar því auk þess að bera fyrirliðabandið áfram er hann orðinn aðstoðarþjálfari liðsins. Arnar nær því að öllum líkendum í sumar að verða leikjahæsti leikmaður Breiðabliks í efstu deild frá upphafi.



Stefnan er sett á mun hærra sæti

Breiðablik endaði í 8. sæti í efstu deild í fyrra eftir að hafa gefið eftir á lokasprettinum. „Miðað við breytingar á mannskap er kannski ekki skritið að okkur sé spáð 8. sætinu. Það eru tíu leikmenn farnir af þeim sem voru í kringum liðið á síðasta tímabili,“ segir Ólafur Kristjánsson, þjálfari Breiðabliks. „Við spiluðum á mörgum ungum leikmönnum í fyrra og það gæti komið sér vel núna. Það er bara ekkert bolmagn í félaginu til þess að fara í einhverja liðssöfnun. Við byggjum þetta innan frá,“ segir Ólafur en hann viðurkennir að brottfallið hafi verið mikið í sóknarhugsandi leikmönnum. „Við erum ekki með augljósan mann sem á að skora öll mörkin. Mennt verða bara að sýna það að þeir geta skorað,“ segir Ólafur. Breiðablik hefur misst alla fimm útlendingana sem og þá Jóhann Berg Guðmundsson, Marel

Baldvinsson, Steinþór Frey Þorsteinsson og Magnús Pál Gunnarsson. „Við lentum í áttunda sæti í fyrra sem ég vil nú meina að hafi verið mun neðar en spilmennskan og efni stóðu til. Við viljum gera betur en í fyrra þó svo að við höfum misst marga leikmenn,“ segir Ólafur. „Í fyrra sagði ég að þetta lið hefði burði til að vera í toppþáttu sem við vorum lengi vel. Þá fannst mönnum það sérstaklega gaman þegar það tókst ekki. Ég veit alveg hvað þessir strákar geta og hvað þetta lið getur. Ég ætla ekki á neinum tímupunkti nota það sem afsökun að níu leikmenn hafi farið. Það verður byggt á því sem er og unnið með það sem við höfum. Ég get staðfest það að stefnan er sett á mun hærra sæti en áttunda sætið án þess að gefa það sæti nánar upp,“ segir Ólafur að lokum.




> X-FAKTORINN

Markaskorarar Blikaliðsins eru flestir farnir frá liðinu en liðið hefur misst leikmenn sem skoruðu tæplega áttatíu prósent marka liðsins í fyrrasumar. Það þarf því að finna einhverja til að skora mörkin fyrir Breiðablik í sumar.



ÆÐRIR LYKILMENN



GUÐMUNDUR KRISTJÁNSSON




ARNÓR SVEINN ADALSTEINSSON



FINNUR ORRI MARGEIRSSON

GENGI Á VORMÓTUNUM

■ Sigarar ■ Jafntefli ■ Töþ



GENGI SÍÐUSTU ÁRA **2008 8. sæti í A-deild** **2007 5. sæti í A-deild** **2006 5. sæti í A-deild** **2005 1. sæti í B-deild** **2004 4. sæti í B-deild** **2003 7. sæti í B-deild**

Jóhann Þórhallsson verður með Fylki í sumar:
Kemur um miðjan júní

FÓTBOLTI Jóhann Þórhallsson mun missa af fyrstu umferðum Pepsi-deildarinnar í sumar þar sem hann er nú í námi í Bretlandi. Hann kemur heim um miðjan júní en þá í engu leikformi þar sem hann hefur lítið sem ekkert æft fótbolta síðan síðasta tímabili lauk. „Ég ákvað að fara í masters-nám í Brighton í Englandi og því lýkur ekki fyrr en um miðjan júní,“ sagði Jóhann. Hann er enn samningsbundinn Fylki

og sagði að það hefði verið ljóst þegar hann samdi við félagið á sínum tíma að hann færi utan í námið. „Ég hef verið duglegur að æfa sjálfur í ræktinni en lítið komið við bolta,“ bætti hann við. „Fótboltinn hefur alla tíð verið í fyrsta sæti hjá mér og ég ákvað að nú mætti hann stíga aðeins til hliðar vegna námsins. Ég er þó alls ekki hættur og ætla að virða minn samning við Fylki.“ -esá



Ekki löglegir fyrr en í júlí

Fari svo að Gunnleifur Gunnleifsson og Guðmundur Steinarsson spili hér heima í sumar verða þeir ekki löglegir fyrr en 15. júlí. Guðmundur fer frá Vaduz en félagið vill halda Gunnleifi, sem er í skoðun hjá liðum á Bretlandseyjum.

FÓTBOLTI Framtíð Vaduz-félaganna Gunnleifs Gunnleifssonar og Guðmundar Steinarssonar er í óvissu. Guðmundur verður ekki áfram í herbúðum liðsins en Gunnleifur gæti verið áfram þar sem Vaduz ætlar að bjóða honum nýjan samning. Gunnleifur er þó með fleiri járn í eldinum og lið af Bretlandseyjum hafa verið að bera vírarnar í hann. „Þetta eru lið í skosku úrvalsdeildinni og ensku 1. deildinni. Ég veit lítið meira enda rétt farinn að spá í framhaldið hjá mér,“ sagði Gunnleifur en góð frammistaða hans í landsleiknum gegn Skotum vakti áhuga félaganna á honum. Gunnleifur segist vel geta hugsað sér að vera áfram hjá Vaduz. Þó með þeim formerkjum að hann verði markvörður númer eitt. Hann hefur mátt verma tréverkið hjá liðinu meira og minna en einn efnilegasti markvörður Þjóðverja hefur staðið á milli stanganna. Sá er þó væntanlega á förum til Þýskalands. „Ég er opinn fyrir

öllu og loka ekki á neitt. Svo gæti vel farið að ég spili heima í sumar þegar ég verð löglegur. Þetta á allt eftir að koma í ljós.“ Guðmundur segir það öruggt að hann verði ekki áfram í herbúðum Vaduz. „Ég held að það sé alveg ljóst að ég muni ekki framlengja samning minn hér,“ sagði hann í samtali við Fréttablaðið. „Það er enn mánuður eftir af tímabilinu og þá mun ég skoða hvaða möguleikar standa mér til boða.“ Félagaskiptaglugginn hér á Íslandi er lokaður frá 15. maí til 15. júlí og því hverfandi líkur á því að hann geti samið við íslenskt lið áður en tímabilinu í Sviss lýkur. Sama staða er hjá Gunnleifi. „Ég hef svo sem ekkert verið að skoða þann möguleika

að fá mig lausan hér fyrir 15. maí enda hefur ekkert lið á Íslandi verið að bera vírarnar í mig. Þar fyrir utan er mér aðeins heimilt að framkvæma tvö félagaskipti á milli landa á einu ári og því verð ég að vanda valið vel.“ Hann segist þó opinn fyrir því að koma aftur til Íslands í sumar, þó svo að hann missi af fyrri hluta tímabilsins. „Ég er nú ekki að yngjast og þætti allt í góðu að koma heim aftur nú.“ Vaduz er sem stendur í neðsta sæti svissnesku úrvalsdeildarinnar en eitt lið fellur úr deildinni. Það eru fimm stig í næsta lið en Guðmundur segir það enn mögulegt að halda sætinu. - hbg / - esá



VADUZ-VINIR Framtíð þeirra Guðmundar Steinarssonar og Gunnleifs Gunnleifssonar er óljós. Þó er ljóst að þeir gætu aldrei spilað á Íslandi fyrr en 15. júlí ef þeir ákveða að koma aftur heim. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR & VILHELM



Síðasta sýningarhelgi Gerðarsafn, Kópavogi. Aðgangur ókeypis.



Notið Þjóðargjöfina 2009 og fáiið bókina á aðeins 2000 kr.



Barónsstíg 27 | Sími 899 7839 | crymogea@crymogea.is

Afturelding tryggði sér oddaleik gegn Stjörnunni:

Yfirburðir Mosfellinga

HANDBOLTI Afturelding tryggði sér í gær oddaleik í rímmu liðsins við Stjörnunna um sæti í N1-deild karla á næstu leiktíð. Liðin áttust við í Mosfellsbæ þar sem heimamenn unnu tju marka sigurs, 32-22, en þetta var annar leikur liðanna. Stjarnan vann fyrsta leikinn og mættast liðin því í hreinum úrslitaleik um hvort liðið leikur í efstu deild karla á næstu leiktíð í Garðabænum á mánudaginn. Það voru gríðarleg læti á áhorfendapöllum í gamla íþróttahúsinu að Varmá og stemningin mikil hjá stuðningsmönnum Aftureldingar. Það virtist slá gestina út af laginu í upphafi leiks en þeir jöfnuðu sig fljótlega og komust yfir, 6-5. En þá skoruðu Mosfellingar fimm mörk í röð náðu fimm marka forystu fyrir leikhlé, 15-9. Þeir voru svo ekki nema fimm mínútur í síðari hálfleik að auka þann mun í tju mörk og þar með var sigurinn



ODDALEIKUR Ásgeir Jónsson og félagar í Aftureldingu unnu Stjörnunna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN Í raun tryggður. Smári Guðfinnsson átti góðan leik í marki Aftureldingar, sem var í raun betri aðilinn á öllum sviðum handboltans í gær. „Það skiptir gríðarlega miklu máli að vera með svona góðan stuðning,“ sagði Hilmar Stefánsson, fyrirlíði Aftureldingar. „Nú fáum við stuðningsmennina með okkur í oddaleikinn og þá förum við alla leið.“ - esá

ÚRSLIT

Umspil um N1-deild karla

Afturelding - Stjarnan	32-22
Markahæstir hjá A.: Hilmar Stefánsson 7/2, Jóhann Jóhannson 7/1, Bjarni Þórðarson 5. Varin skot: Smári Guðfinnsson 15, Kristófer Guðmundsson 1/1.	
Markahæstir hjá S.: Björgvin Hólmgeirsson 10, Daniel Einarsson 5. Varin skot: Þorgils Jónsson 6, Roland Eradze 2.	
UEFA-bikarinn	
Dynamo Kiev - Shakhtar Donetsk	1-1
Werder Bremen - Hamburger SV	0-1
Norska úrvalsdeildin	
Brann - Lilleström	3-1
Birki Már Sævarsson, Kristján Örn Sigurðsson og Ólafur Örn Bjarnason voru allir í byrjunarliði Brann. Gylfi Einarsson kom inn á sem varamaður en Ármann Smári Björnsson var á bekknum.	
Meistaradeild Evrópu	
Rhein-Neckar Löwen - Kiel	31-30
Guðjón Valur Sigurðsson skoraði átta mörk fyrir Löwen, þar af tvö úr víti.	



SJÓÐANDI HEITUR SUMARPOTTUR

Nú er Lottópotturinn fimmfaldur og stefnir fyrsti vinningur í 37 milljónir.
Veðjaðu á vinning og vertu með.



FARÐU Á NÆSTA SÖLUSTAD EÐA Á WWW.LOTTO.IS OG FÁÐU ÞÉR MIÐA

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.00

Idol Stjörnuleit – úrslitakeppni

Það er komið að fjögurra manna úrslitum í Idol-stjörnuleit. Það eru þau Hrefna, Anna Hlín, Líska og Matti sem syngja lög frá fæðingarári sínu í kvöld á glæsilegu sviði í Vetrargarðinum í Smáralind. Dómnefndin er á sínum stað, en það er dómnefndin heima í stofu sem ræður örlögum keppenda í símakosningu. Greiddu atkvæði og veldu næstu söngstjörnu Íslands. Idol í beinni útsendingu í kvöld klukkan 20.



VIÐ MÆLUM MED

Auddi og Sveppi Stöð 2 kl. 19.15

Aðalgestur Audda og Sveppa í kvöld er Ásdís Rán en þeir félagarnir ætla að spyrja hana út í Búlgariuævintýrið og kanna hvað hún hleypur hratt á hlaupabretti. Þá verður sýndur svakalegur vinnustaðahrekur en Sveppi plataði Audda illilega þegar hann þóttist vera 12 ára unglingur á Fésbókinni. Könnunin verður á sínum stað og alræmdasti útrásarvíkingurinn fær medalíuna sína.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.30 Árla dags
- 06.40 Veðurfregnir
- 06.50 Bæn
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.05 „Löngum er ég einn á gangi“
- 09.03 Það má brosa í baráttunni
- 10.03 Veðurfregnir
- 10.13 Sagnaslóð
- 11.00 Máisólin okkar, máisólin hans
- 12.02 Hádegisútlit
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.45 Veðurfregnir
- 13.00 Verkalýður og velferð
- 14.10 Frá útihátíðarhöldum 1. maí nefndar verkalýðsfélaganna í Reykjavík
- 15.15 Lyklar að lagi - Stál og hnifur og íslenskt samfélag árið 1980
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.05 Veðurfregnir
- 16.07 Við heimtum aukavinnu - lög eftir Jón Múla
- 17.05 Uppreisnarmaður í aldingarði listanna
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.16 Vorið kemur, heimur hlýnar
- 19.00 Endurómur úr Evrópu
- 20.00 Leynifélagið
- 20.30 Stjörnuvíkingur
- 21.10 Flakk
- 22.05 Veðurfregnir
- 22.10 Orð kvöldsins
- 22.15 Litla flugan
- 23.00 Kvöldgestir
- 00.05 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlit Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlit Latibær / Fjölskyldu útlit FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlit Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

- 16.00 Hollyoaks (179:260)
- 16.30 Hollyoaks (180:260)
- 17.00 Ally McBeal (22:24)
- 17.45 The O.C. (19:27)
- 18.30 Lucky Louie (6:13)
- 19.00 Hollyoaks (179:260)
- 19.30 Hollyoaks (180:260)

► 20.00 Damages (1:13) Patty Hewes er virtur lögfræðingur sem lætur ekkert stöðva sig. Ellen sem fylgdi Patty hvert fótmál í fyrstu seríunni og þarf núna að starfa leynilega fyrir FBI en hennar markmið er að ná sér niður á Patty Hewes og knésetja hana.

- 21.00 Damages (2:13)
- 21.45 Damages (3:13)
- 22.30 Damages (4:13)
- 23.10 The Mentalist (12:23) Patrick Jane er sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á glæsilegan feril að baki við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbetta athyglisgáfu sína.
- 23.55 Twenty Four (14:24)
- 00.40 Ally McBeal (22:24) Maður sem heldur því fram að konan hans hafi aldrei elskað hann kærir hana fyrir svik. Fish upplifir getuleysi þegar hann og Líng ætla að elskast.
- 01.25 The O.C. (19:27)
- 02.10 Lucky Louie (6:13)
- 02.40 Auddi og Sveppi
- 03.10 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

10.10 My Hero 10.40 After You've Gone 11.10 After You've Gone 11.40 After You've Gone 12.10 After You've Gone 12.40 My Hero 13.10 My Hero 13.40 My Hero 14.10 My Hero 14.40 After You've Gone 15.10 After You've Gone 15.40 After You've Gone 16.10 My Hero 16.40 My Hero 17.10 My Hero 17.40 My Hero 18.10 After You've Gone 18.40 After You've Gone 19.10 Rob Brydon's Annually Retentive 19.40 After You've Gone 20.10 Extras 20.40 The Catherine Tate Show 21.10 Rob Brydon's Annually Retentive 21.40 My Hero 22.10 Extras 22.40 The Catherine Tate Show 23.10 Rob Brydon's Annually Retentive 23.40 My Hero

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr 10.10 Jersild Live 10.35 Aftenshowet 11.05 Aftenshowet 2. del 11.30 Søren Ryge præsenterer 12.00 Det lille hus på prærien 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Boogie Mix 14.00 Boogie Listen 15.00 Amigo 15.30 Sigurds Bjørnetime 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Disney Sjov 18.00 Ørkenens Søner 19.00 TV Avisen 19.30 Anger Management 21.05 Undercover 22.45 Boogie Mix

NKI

10.25 Stieg Larsson og millennium-millionane 11.25 Jentene og reinsdyra 12.15 Gro - rett på 13.00 Født på sølsiden spesial 13.55 Bjørnsons Roma 14.20 Lassie 16.00 Ugleskogen 16.10 Mamma Mirabelle viser film 16.20 Tøfferud 16.30 Lykke er 16.40 Naturopplevelser 17.00 Dagsrevyen 17.30 Norge rundt 17.55 Showbiz 18.55 Nytt på nytt 19.30 Detektiven. Hva skjedde med Colin Wilson? 21.00 Kveldsnytt 21.15 Hallelujah! Leonard Cohen er tilbake 22.15 Folk i farta 22.45 Varemærket for livet 23.40 Country jukeboks m/chat

SVT 1

10.05 Debatt 10.50 Flyttilasset går 11.20 Mat og grönt på Friland 11.50 Niklas mat 13.00 Babben & co 14.00 Adalen 31 15.50 Anslagstavlan 15.55 Sportnytt 16.00 Rapport med A-ekonomi 16.10 Regionala nyheter 16.15 Fyra syskon och en restaurang 17.15 Pappas bil 17.30 Rapport med A-ekonomi 17.55 Regionala nyheter 18.00 Så ska det låta 19.00 Grillad 19.45 The Matrix Reloaded 22.00 Showtime 23.35 Sändningar från SVT24

Sumargleði

í Galleríi Fold við Rauðarárstíg

Í dag kl. 15:00 opnum við tvær sýningar stórmálaranna Tryggva Ólafssonar og Daða Guðbjörnssonar. Kvartett Guðmundar Steingrímssonar leikur léttan jazz við opnunina.

Allir velkomnir



Tryggvi Ólafsson er fluttur heim á gamla Frón eftir næstum hálftrar aldar búsetu hjá Dönum. Nú sýnir hann ný og nýleg verk í Forsal Gallerís Foldar.

Daði Guðbjörnsson sýnir ný olíuverk í Hliðarsal Gallerís Foldar. Titill sýningarinnar er Ísland án tára. Myndirnar eru allar málaðar á undanförunum mánuðum og eins og titillinn gefur til kynna horfir listamaðurinn bjartsýnum augum til framtíðar.



Nýr valkostur Eigðu eða leigðu

Gallerí Fold býður upp á nýjan valkost. Nú gefst viðskiptavinum Gallerís Foldar færi á að leigja listaverk til allt að þriggja ára. Eftir þrjú ár eignast leigutakinn verkið. Hægt er að skila verkinu hvenær sem er á samningstímanum eða greiða það upp.



Síðasta sýningarhelgi Ragnhildar Ágústsdóttur

Nú eru síðustu forvöð að skoða sýninguna „Memento Mori“, en henni lýkur 3. maí.



G. Guðmundar Andræsdóttir

Listmunauppböð


mánudaginn 11. maí

Opið 1. maí frá kl. 14–17

Opið í Galleríi Fold á Rauðarárstíg, virka daga 10–18, laugardaga kl. 11–16 og sunnudaga kl. 14–16

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · www.myndlist.is

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu





„Það er Eldsmíðjan. Ég elska að fá mér stóra pizzu með rjóma-osti, jalapenos, grænum ólífum, hvítlauk og pepperoni. Það er langbesta pizzan.“

Roland Hartwell tónlistarmaður.

Rafbyssa Sveppa og Audda gerð upptæk

„Já, ég get staðfest það að lögreglan hafði samband við mig og vildi gera rafbyssuna upptæka.

Við munum að sjálfsgöðu verða við þeirri beiðni enda viljum við engin eftirmál vegna þessa uppátækis,“ segir Pálmi Guðmundsson sjónvarpsstjóri á Stöð 2.

Sérkennilegt mál er upp komið í kjölfar þeirrar fréttar Fréttablaðsins að þeir léku lausum hala Sveppi og Auddi með rafbyssu. Byssuna notuðu þeir til að stuða samstarfsmenn sína á Stöð 2 og kunnu flestir þeim litlar þakkir. En megintilgangurinn, ástæða þess að þeir voru með byssuna uppi við, var að nota byssuna sem tæki í þátt sinn og í atriði sem tekin voru upp fyrir árshátíð 365. Meðal þeirra sem fengu að kenna á byssunni voru Ari Edwald forstjóri fyrirtækisins og svo í eftirlitnum, Logi Bergmann

Eiðsson sjónvarpsstjarna. Blaðamaður Fréttablaðsins varð vitni að því, en í síma-viðtali rak Logi óvænt upp skaðræðis vein. Að sögn Sveppa kjókræði þessi stóri maður eins og lítill telpanna en reiddist svo ofboðslega. „Alveg þess virði að sjá það,“ sagði Sveppi kátur við það tækifæri.

Að sögn Pálma þá var ekki um það að ræða að þáttur Sveppa og Audda þar sem rafbyssan kemur við sögu yrði sendur út nema að henni væri skilað. Hann leggur á það áherslu að rafbyssan sé skaðlaus í sjálfu sér þó mönnum sem fyrir stuðinu verða geti brugðið í brún. Hún gengur fyrir venjulegum rafhlöðum. Ekki náðist í þá Sveppa og Audda vegna málsins en byssuna munu þeir vera með í láni hjá vini Audda sem mun víst ekkert tiltakanlega ánægður með þróun mála.



SVEPPI OG AUDDI Lögreglan hafði engan húmor fyrir því að þeir þessir væru að valsa um með rafbyssu.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. svari, 6. sjúkdómur, 8. kjökur, 9. sigað, 11. 950, 12. töng, 14. einkennis, 16. skammstöfun, 17. ringulreið, 18. ennþá, 20. ólaeti, 21. kropp.

LÓÐRÉTT

1. umstang, 3. átt, 4. skrápdyr, 5. angan, 7. hnöttur, 10. skítur, 13. flík, 15. sáttargerð, 16. kvikmyndi, 19. númer.

LAUSN

sátt, 16. feni, 19. nr. 5. ilm, 7. tjáarna, 10. tað, 13. fát, 15. LÓÐRÉTT: 1. ómak, 3. ny, 4. sællija, fát, 18. enn, 20. at, 21. nar.

LÁRÉTT: 2. ansí, 6. ms, 8. væl, 9. átt, 11. lm, 12. kjafi, 14. aðals, 16. ft, 17.

VEISTU SVARID?

Svör við spurningum á síðu 8.

- 1 David Lynch.
- 2 Norðmenn.
- 3 1,33 prósent.

www.this.is/krossgatur

250

OKEYPIS

KROSSGATUR

NÝ GÁTA

Í HVERRI VIKU

RAGNAR BRAGASON: STÓRLEIKARAR Í HVERRI RULLU Í BJARNFREÐARSON

Ágústa Eva leikur mömmu Georgs Bjarnfreðarsonar

„Það kom aldrei nein önnur til greina,“ segir Ragnar Bragason leikstjóri. Gengið hefur verið frá samningum við Ágústu Evu Erlendsdóttur um að hún taki að sér hlutverk Bjarnfreðar, móður Georgs Bjarnfreðarsonar, í kvikmyndinni Bjarnfreðarson.

Myndin er byggð á persónum úr sjónvarpsþáttunum vinsælu, Næturvaktinni og Dagvaktinni, en hún mun fara fram og aftur í tíma. „Í fortíðinni nær hún yfir tólf ára tímabil í lífi Georgs, frá því að hann fæðist og þar til hann verður tólf,“ útskýrir Ragnar en sá tími mun ná frá árunum 1964 til 1978. Nútímahlutinn gerist hins vegar nokkrum árum eftir að þeir félagar losna út af Litla-Hrauni og lýsir því hvernig þeim gengur að takast á við lífið utan fangelsismúranna.

Ragnar telur Bjarnfreðarson vera fjölskyldusögu. „Við erum búnir að vera á bensinstöð, hóteli og fangelsi en núna má eiginlega segja að við hertökum íslensk heimili,“ segir Ragnar en reiknað er með að tókur hefjist nánast um leið og tókum á Fangavaktinni lýkur, um miðjan júní. „Já, menn hafa þurft að leggja ýmislegt á sig útlitslega fyrir hlutverk sín og því þótti okkur bara best að klára þetta sem fyrst.“

Jón Gnarr, Jörundur Ragnarsson og Pétur Jóhann Sigfússon endurtaka hlutverk sín sem Georg, Daníel og Ólafur Ragnar og þau Arnar Jónsson og Anna Kristín Arngrímsdóttir verða í hlutverkum föður og móður Daníels. Svo bætast við hópinn tengdafjölskylda Daníels en það verða þau Örn Arnason og Helga Braga sem leika tengdaforeldrana og Jóhannes Haukur Jóhannesson verður í hlutverki mágs Daníels. Sara Margrét verður síðan auðvitad í hlutverki sínu sem barnsmóðir Daníels.

Drátt fyrir að húmorinn svífi yfir vötnum í þáttunum og væntanlega einnig í kvikmyndinni er



PEKKTIR LEIKARAR Í BJARNFREÐARSON

Ágústa Eva Erlendsdóttir stekkur aftur fram sjónarsviðið eftir nokkurt hlé og leikur mömmu Georgs Bjarnfreðarsonar. Örn Arnason og Helga Braga Jónsdóttir leika tengdaforeldra Daníels í kvikmyndinni Bjarnfreðarson en tókur á henni hefjast væntanlega um miðjan júní. Hún er byggð á sjónvarpsþáttunum vinsælu um þá Ólaf Ragnar, Daníel og Georg Bjarnfreðarson. Leikstjóri verður sem fyrr Ragnar Bragason.



aldrei langt í tragedíuna og Bjarnfreðarson kafar nokkuð djúpt ofan í sálarfylgslu Georgs. „Myndin fjallar eiginlega um það hvernig maður eins og Georg verður að

skrímsli og hvernig honum tekst að verða maður á ný,“ segir Ragnar. „Hún fjallar um uppeldið og afleiðingar af því, eiginlega syndir feðranna.“ freyrgigja@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Egill Einarsson, betur þekktur sem Gillz, gerir fleira en að láta hirða af sér peninga í póker. Því hann er jú einkapjálfi í Sporthúsinu. Hans nýjasti skjólstaðingur hyggst koma sér í gott form fyrir annasama dagskrá framundan en það er sjálf Sandy úr Grease eða Ólöf Jara Skagfjörð. Gillz hyggst ekki taka hana neinum vettlingatökum enda krefst hlutverkið mikils líkamlegs úthalds, byggist á dansi og söng. Fyrsti tíminn ku því vera strax á mánudaginn.



Ari Kristinsson, formaður samtaka íslenskra kvikmyndaframleiðenda, er strax farinn að láta til sín taka í nýju starfi. Hann hefur nú falið löggæðingum samtakanna að segja upp samningi við félag íslenskra leikara. Síðasti samningur var gerður 2003 og átti að standa til 2005. Lítið hefur verið gert í samningsmálum þar til nú en framleiðendur kvikmynda og sjónvarpsþátta horfa nú í hverja krónu og þótti taxti leikara vera orðinn helst til of há. Formaður félags íslenskra leikara er Randver Þorláksson.

Heldur hefur fjarað undan góðu áhorfi á sjónvarpsþátt Karls Berndsen en hann var um tíma vinsælasti sjónvarpsþáttur Skjás eins. Samkvæmt nýjustu mælingum Capacent Gallup mældist hann með þrettán prósent áhorf og stendur vinsælasta þætti stöðvarinnar, CSI, langt að baki. Hins vegar sannaði Spaugstofan tilveru sinn um kosningahelgina því úrval bestu þáttaanna var vinsælasta sjónvarpsfejnið þegar þjóðin gekk að kjörborðinu.



Parki INTERIORS

PLASTPARKET TILBOÐ

PARKIJS / DALVEGI 10 - 14 / S:5643500

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki

Jóhanna keppir við strippara

Jóhanna Guðrún hefur fengið óvæntan keppinaut, komist hún og lagið Is It True á annað borð í úrslitakeppnina. Þjóðverjar tilkynntu nýlega að bandaríska undirfatafyrirsætan Dita Von Teese myndi taka þátt í þýska atriðinu. Það eru tónlistarmennirnir Alex Christensen og Oscar Loya sem flytja lagið Mrs. Kiss Kiss Bang. Þjóðverjar hafa ekki riðið feitum hesti frá Eurovision undanfarin ár þrátt fyrir mikinn metnað. Þeir hafa þó ekki þurft að hafa áhyggjur af því að þurfa taka þátt í undankeppninni því Þýskaland er með sjálfkrafa þátttökurétt ásamt Bretum, Frökkum og Spánverjum.

Dita Von Teese heitir réttu nafni Heather Sweet og er hvað þekktast fyrir burlesque-sýningar sínar sem ganga út á ógrandi og fáklædda dansara. Nafn Ditu hefur þó lengst af verið tengt við goth-rokkarann Marilyn Manson en þau voru gift í heilt ár. Þetta vakti eðlilega mikla athygli enda Manson frekar ófrýnilegur náungi og voru þau yfirleitt kölluð Fríða og dýrið.

VERÐUGUR KEPPINAUTUR

Eurovision-sérfræðingar segja ákveðið sakleysi svifa yfir vötnum hjá Jóhönnu, sem ætti að vera gott mótvægi við Ditu strippara.



VORDAGAR

OPIÐ
1. MAÍ
11-16

-500%

AF ÖLLUM NÝJUM VÖRUM
Í NOKKRA DAGA

**ELDRI VÖRUR FRÁ
990,- til 3.990,-**

skyrtur, peysur
flís, softshell
úlpur ofl.

Regatta 
GREAT OUTDOORS[®]

www.utivistogsport.is

OPIÐ
VIRKA DAGA 10 – 18
LAUGARD. 11 – 16
SUNNUD. 13 – 16

ÚTIVIST&SPORT
verslun/heildverslun

Reykjavík Faxafen 12 S. 533-1550. Keflavík Hafnargata 25 S. 421-3322

ADRIR SÖLUSTADIR: Hafnarbúðin Ísafirði, Hjá Dóru Hornafirði, Hornið, Sunnuhlíð Akureyri

BAKPANKAR
Karenar D.
Kjartansdóttir

1. maí

Fulltrúar bandaríska verkalýðs-sambandsins lögðu það til árið 1889 á þingi Alþjóðasambands sósíalista í París að 1. maí yrði gerður að alþjóðlegum baráttudegi verkalýðsins. Lagt var til að dagurinn yrði nýttur til að berjast fyrir átta stunda vinnudegi og bættum réttindum í þágu launþega. Við tók mikið og metnaðarfullt starf sem skilaði vinnandi fólki stórbættum réttindum og mannúðlegra samfélagi.


STIKLI maður milli fréttu af þessum degi síðustu ár er ekki laust við að maður finni fyrir hrolli. Það er svolítið táknrænt að það litla sem minnir lesanda Fréttablaðsins á sögu þessa dags árið 2005 er auglýsing frá VR. Í henni er fólk hvatt í göngu og að henni lokinni boðað í kaffi á Broadway. Á sömu síðu er fréttaskýring á því hve mikið KB-bankamenn höfðu grætt á þeim tveimur árum sem þá voru liðin frá einkavæðingu. Rætt var við þá bankastjóra Hreiðar Má Sigurðsson og Sigurð Einarsson, sem sögðu hæversklega frá því að þetta væri viðunandi árangur auk þess sem þeir sögðu frá næstu landvinn-ingum sínum í viðskiptum. Eflaust hefur verkalýðsleiðtoganum í VR og stjórnarmanni Kaupþings, Gunnari Páli Pálssyni, þótt skemmtilegt að sjá að fyrirtækin tvö sem greiddu honum svo rífleg laun lentu á sömu síðu.

1. MAÍ 2006 ríkti ótti við útbreiðslu fuglafilensu, Bakkavararbræður keyptu eitthvert eftirréttafyrirtæki í Bretlandi fyrir 18 milljarða, Silvía Nótt trekkti að á netinu, VR hvatti til virðingar og réttlætis og lögræðistofa borgaði rúmar áttatíu milljónir fyrir hús sem átti að kosta helm-ingi minna.

1. MAÍ ÁRIÐ 2007 er Bjarni Ármann skellihljæjandi á forsíðu-mynd Fréttablaðsins í tilefni af því að hann var að láta af störfum hjá Glitni með gríðarlega ríflegan starfslokasamning. Þann dag bárust þó einnig fréttir af veikindum starfsmanna á Kárahnjúkum vegna bágra vinnuáðstæðna, sagt var frá því að fjármálaráðherra hefði tekið tilboðið Geysis Green í Hitaveitu Suðurnesja og kröfugönguna notaði sælgætisframleiðandinn til að taka upp auglýsingar fyrir Tópas.

1. MAÍ ÁRIÐ 2008 var forsíðu-fyrirsögnin í Fréttablaðinu: Neyðar-ástandi aflýst, en þann dag höfðu hjúkrunarfræðingar ákveðið að ganga út vegna óánægju sinnar með sparnaðaraðgerðir á Landspítalan-um, rætt var um framboð í Öryggis-ráðið og William Fall, forstjóri Straums Burðaráss, sagði gleðiefni að á fyrsta ársfjórðungi hefði náðst 2,6 milljarða hagnaður þrátt fyrir aukna erfiðleika á fjármálamörk-uðum.

Tímarnir breytast.



GÓÐAN DAG!
Í dag er föstudagurinn 1. maí,
121. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	5.07	13.25	21.46
Akureyri	4.40	13.10	21.42

Heimild: Almanak Háskólans

1. MAÍ 2009

BYGGJUM RÉTTLÁTT ÞJÓÐFÉLAG

Í yfir 90 ár hefur styrkur og samtakamáttur verkalýðshreyfingarinnar gjörbreytt íslensku samfélagi til hins betra. Með bankahrununu breyttist hins vegar margt. Íslensk þjóð er í alvarlegum vanda en hann er ekki óyfirstigangur. Við þessar aðstæður verðum við að hafa kjark til að horfast í augu við staðreyndir,

bregðast við þeim og leita nýrra leiða að sam-eiginlegum markmiðum. Göngum til aðildarvið-ræðna við ESB og leggjum varanlegan grunn að stöðugleika og uppbyggingu hér á landi. Tökum höndum saman um að endurreisa Ísland á grund-velli norrænna velferðargilda. Þannig byggjum við réttlátt þjóðfélag. Til hamingju með daginn!



Alþýðusamband Íslands